

LAND & SAGA

Skipulag, byggingar, menning og hönnun

2011, 2. tbl. 5. árg.



FRÁ ÚTGEFANDA

ÞAR SEM VORIÐ RÍKIR

Sögur herma að öndvegissúlur hafi rekið á land. Þetta er landið þar sem miðnætursólin dansar, fossarnir glitra og söngur fuglanna er sem af öðrum heimi. Fámenn þjóð byggði þetta litla land - sem er samt svo stórt. Kálfsskinnið varð rammi stórkostlegra sagna, torfið og grjótið hélt vindinum úti og sjórinn - já, sjórinn. Hann útvegaði björg í bú og varð líka vot gróf margra.

Dagarnir liðu. Vikurnar. Mánuðirnir. Árin. Áratuginir. Aldirnar. Grettir, Njáll, Egill... Kappar sem sagnir fjölluðu um lífs og liðna. Þeir voru líka margir raunverulegu kapparnir: Kotbóndinn. Höfðinginn. Vinnumaðurinn. Klerkurinn. Húsfreyjan. Íslendingar sem buðu birginn óblíðum náttúruöflum og stundum grimnum aðstæðum og möðkuðu mjöli. Jú, þetta fólk átti sér drauma. Það átti sér sýn. Það tók þátt í framförum. Það tók þátt í uppbyggingu landsins - eyjarinnar við hafið bláa hafið sem hugann dregur.

Torfið og grjótið viku fyrir við. Steypu. Kálfsskinnið vék fyrir pappír. Blaðsíðunum í sögu þessa lands fjölgaði. Sumir vildu út - grasið þótti grænna hinum megin. Vesturfarar kallast það fólk. Draumana áttu Íslendingarnir - hvort sem þeir bjuggu á eyjunni fögru eða á meginlandinu stóra í Vesturheimi.



Það varð bylting úti í heimi. Iðnbylting. Það varð breyting í mörgu sem hafði víða áhrif. Meðal annars í landinu í norðri þar sem kotbóndinn hafði slegið sitt tún í áranna rás með orfi og ljá og byggt upp sitt tún með stolti í farteskinu. Iðnaður fór að blómstra eins og vorblómin gulu, lífshættir breyttust og tækni hélt innreið sína.

Og enn liðu áratuginir. Árin. Mánuðirnir. Vikurnar. Dagarnir. Í dag býr á landinu þar sem öndvegissúlurnar eru sagðar hafa komið að landi dugleg þjóð; þjóð sem rís upp með stolti eftir erfiðleika - hvort sem þeir eru af náttúrunnar höndum eða af mannavöldum.

Hugmyndaflugði hefur vængi, draumarnir eru þeir sömu og þegar

ritað var á kálfsskinn - eða kannski aðeins öðruvísi - og fuglarnir syngja sama sönginn. Lóan er komin og kveður burt snjóinn; það er vor í lofti þótt sólin sé eitthvað hlédræg þetta misserið og árstíðin segi annað. Það er vor í lofti því á þessu litla landi - sem er samt svo stórt - þar sem miðnætursólin dansar, fossarnir glitra og söngur fuglanna er sem af öðrum heimi býr fjöldi hugmyndaþraustaklinga sem hafa galdrað fram listaverk af ýmsum toga: Bókmenntir, fatnað, húsgögn, skart... Iðnaðarmannafélag Íslands. Þjóðminjasafn Íslands. Gagnavarslan. Kraum. Prologus. GÁ húsgögn. Gust... Lítil hluti af stærri heild í þessu blaði sem sýnir hluta af hugmyndaauðgi landans.

LAND & SAGA

SKIPULAG, BYGGINGAR, MENNING OG HÖNNUN
2011, 2. tbl. 5. árg.

ÚTGEFANDI:

Land & Saga
110 Reykjavík
Sími: 534 - 1880
www.landogsaga.is
landogsaga@landogsaga.is

BLAÐAMENNI:

Bjarki Bjarnason
Geir A Guðsteinsson
Sigurlaug Ragnarsdóttir
Svava Jónsdóttir

RITSTJÓRI:

Einar Þorsteinsson
Einar@landogsaga.is

FORSÍÐUMYND:

Bankastræti um aldarmótin 1900
Reykjavík Art Gallery

FRAMKVÆMDARSTJÓRI:

Einar Þorsteinsson
Einar@landogsaga.is

UMBROT & HÖNNUN:

Guðni Albert Kristjánsson
guðni@icelandictimes.is

MARKAÐS & SÖLUMÁL:

Anna Margrét Bjarnadóttir
Sigurlaug Ragnarsdóttir

PRENTUN:

Landsprent

LJÓSMYNDUN OG MYNDBANDAGERÐ:

Gabriel Rutenberg

DREIFING:

Með helgarútgáfu Morgun-
blaðsins um allt land

PRÓFARKALESTUR:

Guðbrandur Siglaugsson

Öflugt teymi iðnaðarmanna!

Málarar - Múrarar Flísalagnir - Píparar Rafvirkjar - Smiðir

Tökum að okkur
allar viðgerðir
utan- sem innanhúss!



Fagmennn.IS
BYGGJUM - BREYTUM - BÆTUM

SÍMI: 552 5354

Gæði og glæsileiki
- það þarf ekki fleiri orð



Njóttu
lífsins með
Rationel
gluggum

CE - merkt framleiðsla

Rationel gluggar og hurðir eru framleiddir með hámarks gæði og endingu í huga. Efniviðurinn er límtré úr kjarnaviði af Norður skandinavískri furu. Betri ending þýðir einfaldlega minna viðhald og lægri kostnað þegar fram líða stundir. Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga. Tré eða áklæddir trégluggar - þitt er valið. Byggðu til framtíðar með Rationel gluggum.

IDEX
Smíðjuvegi 3 · 200 Kópavogi
Sími 412 1700 · idx@idex.is
www.idex.is

SKÚLI MAGNÚSSON

Skúli Magnússon “Fógeti”

Skúli Magnússon var s fæddur að Keldunesi í Norður Þingeyjarsýslu þann 11. september árið 1711. Hann var sonur hjónanna Magnúsar Einarssonar, sem var prestur á Húsavík frá 1715, og konu hans Oddnýjar Jónsdóttur. Skúli starfaði við verslunarstörf á unglingsárum en hóf síðar nám hjá Þorleifi Skaftasyni prófasti í Múla í Aðaldal haustið 1727. Magnús faðir hans druknaði í ársbyrjun 1728, þegar hann var að sækja rekavið, en tveimur árum síðar giftist móðir Skúla séra Þorleifi, sem útskrifaði hann með stúdentspróf árið 1731. Hann stundaði nám við háskólann í Kaupmannahöfn 1732-34 án þess þó að ljúka prófi.

“ Á unglingsárum var Skúli innanbúðarmaður hjá dönskum kaupmanni og kynntist þá gildandi verslunarháttum. Kaupmaður kallaði oft til Skúla: „Vigtaðu rétt, strákur“, en það þýddi að hann ætti að snuða viðskiptamennina, vigta laklega og hafa þannig ranglega af fátækum mönnum. Er sagt að honum hafi runnið í skap og strengt þess heit að verja króftum sínum og lífi til þess að reka úr landi einokunarkaupmenn og bæta verslun landsmanna og lífskjör”.

Skúli varð síðar gerður að sýslumanni í Skaftafellssýslu

árið 1734 og seinna í Skaga-fjarðarsýslu árið 1737. Þar bjó hann fyrst í Gröf á Höfðaströnd en lengst af á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð. Á fyrstu árum hans í embætti sýslumanns strönduðu hollenskar duggur í Skagafirði. Þegar skipsmenn urðu uppvisir að því að versla við landsmenn gerði sýslumaðurinn skútuflokin og farm þeirra upptæk og er sagt að Skúli hafi reist bæinn Akrar þeim skútuviði sem hafði verið gerður upptækur.

Bjarni Halldórsson sýslumaður á Þingeyrum lét gera úttektargerð en þar kemur fram að Skúli hafi unnið gott starf, látið byggja upp töluvert af húsum staðarins, þar hafi hann hafi skilað af sér betra búi en hann tók við. Þá hafi hann útvegað nýtt letur til prentverkisins, útvegað lærðan prentara og látið prenta bæði sumar og vetur. Skúli auðgaðist vel í Skagafirði og varð svo voldugur að hann tókst á við einokunarkaupmenn. Hann kærði Hofsóskaupmann fyrir að selja ónýtt járn og mjöl sem blandað var með mold, selja vörur hærra verði en leyft var og fleira. Urðu mikil málaferli út af þessu og var Bjarni Halldórsson málsvari kaupmannsins en Skúli hafði betur í málinu og aflaði

þetta honum mikilla vinsælda meðal almennings.

Skúli var kallaður Skúli fógeti, þar sem hann gegndi embætti landfógeta og varð síðar einn helsti drifkrafturinn á bak við stofnun Innréttinganna. Skúli var oft nefndur faðir Reykjavíkur þar sem hann var einn helsti boðberi upplýsingarinnar á Íslandi. Hann var mikill stórbokki og héraðsríkur og mikill áhugamaður um framfarir Skúli hafði forsjá Hólastóls eftir að Steinn Jónsson biskup dó árið 1739 og allt þar til að Halldór Brynjólfsson tók við því embætti árið 1746.

Innréttingarnar - Stofnun Hins íslenska hlutafélags

Árið 1749 var Kristjáni Drese landfógeta vikið úr embætti fyrir drykkjuskap og sjóðþurrð. Í desember sama ár var Skúli skipaður í hans stað, fyrstur Íslendinga. Sumarið 1750 fluttist hann suður á Bessastaði og hóf hann að berjast fyrir ýmsum framfaramálum og helst fyrir stofnun framfarafélags sem skyldi standa að ýmsum umbótum í búnaðarmálum og iðnaði. Hann vildi að Íslendingar eignuðust þilskip svo þeir gætu sótt á djúpmið. Skúli fékk Viðey til ábúðar og var Viðeyjarstofa reist sem embættisbústaður á árunum 1753-55.

Félagið Innréttingarnar var stofnað af Skúla ásamt íslenskum embættismönnum á Þingvöllum 17. júlí 1751 til að vinna að viðreisn íslenskra landshaga. Í janúar árið 1752, aðeins hálfu ári eftir að félagið var stofnað, fékk það fjárstuðning og sérleyfi konungs til framkvæmda. Þá var heiti þess breytt úr íslensku á dönsku, og nefnt: „ D e t



Privilegerte Islandske Interessentskab”. Skammstöfunin var PII, sem stóð fyrir nafni félagsins bæði á dönsku og latínu.

Starfsemin

Við þessi þáttaskil eflidist félagið mjög að fjármunum og verkefnum. Starfsemin varð fjölþætt, tók til jarðræktartilrauna, brennisteinsvinnslu, ullarvefsmiðja, litunar, kaðla-gerðar, skinnaverkunar, skipasmíða og útgerðar svo það helsta sé nefnt. Starfsemin fór fram víða um land, en miðstöð framkvæmdanna var í Reykjavík og nágrenni. Þessar framkvæmdir voru á danskri tungu kallaðar „De Nye Indretninger”, eða „hinar nýju framkvæmdir”. Þaðan kom því heitið „Innréttingarnar” sem fór að festast við athafnir og verkstæði „Hins íslenska hlutafélags”.

Fyrsta áratuginn var flest það sem að ofan er nefnt í fullri starfsemi, en eftir 1760 tengdist Innréttingaheitið fyrst og fremst ullarvefsmiðjunum í Aðalstræti 10 en þær störfuðu til síns 1803. Brennisteinsvinnslan hélt einnig velli fram yfir aldamótin 1800, fyrst

í Krýsuvík en síðar á Húsavík. Á Íslandi hefur oft verið talað um starfsemi Hins íslenska hlutafélags sem „Innréttingar Skúla Magnússonar landfógeta”, en í dönskum skjölum eru þær fremur nefndar „Hans Majestæt Høystsalig Kong Friderich den 5. stiftede Indretninger.” Á árunum 1751-58 fóru gripdeildir og þjófnaður mjög í vöxt vegna hallæris í landinu. Málið kom til kasta Magnúsar Gíslasonar amtmanns sem taldi að öruggasta ráðið til þess að losna við vandræði af völdum þjófva væri að reisa í landinu hegningarhús. Og í sama streng tók stiftamtmaður. Nokkrum árum áður hafði Skúli Magnússon landfógeti orðað sömu hugmynd í erindi til stjórnarinnar og lagt til að fangarnir yrðu látnir vinna að spuna og öðrum störfum fyrir innréttingarnar nýju.

Skúli lét af embætti fyrir aldurs sakir árið 1793 og lést þann 9. nóvember árið 1794 í Viðey. Eftirlifandi eiginkona Skúla var Steinunn Björnsdóttir prests í Görðum á Álftanesi. Árið 1954 var reist stytta af Skúla Magnússyni í Fógetagarðinum. Verkið gerði Guðmundur Einarsson frá Miðdal en það var Verslunarmannafélag Reykjavíkurborgar sem gaf Reykjavíkurborg listaverkið að gjöf í tilefni 100 ára afmælis frjálsrar verslunar á Íslandi.

Er vandamál með neysluvatnið?



Fóðrun lagna með LSE-System



Fullkomin endurnýjun neysluvatns- og ofnalagna án uppbrots og óþæginda



Ástandsskoðun lagna



Purrkun



Sandblástur



Fóðrun

- Ástandsskoðun lagna
- Fóðrun neysluvatnslagna
- Fóðrun ofnalagna
- Hringrásarkerfi
- Judo hreinsisíur



LSE-System er einstök
margverðlaunuð og gæðavottuð
tækni frá Sviss með 25 ára
reynslu á alþjóðavettvangi

Viðurkennðir vottunaraðilar LSE:



Umwelt
Bundes
Amt



EA National Testing
Laboratories, Ltd.
Quality Water Analysis



Research, Services & Technology

www.hgl.is Sími 588 2626

HGL
Hreinar lagdir, hreint vatni!



Kraum Aðalstræti, 10. Húsið að framanverðu.

KRAUMANDI SKÖPUNARGLEÐI

Kraumandi sköpunargleði

Í versluninni Kraum, sem er í elsta húsi Reykjavíkur, eru til sölu vörur eftir rúmlega 200 hönnuði. Nýjasta viðbótin er sala á konfekt frá Hafliða Ragnarssyni bakara sem verður í „suðurstofunni“ í gamla húsinu þar sem settar hafa verið upp innréttingar í gömlum stíl. Opnuð var í byrjun nóvember sýning á hönnun Péturs B. Lútherssonar húsgagnahönnuðar en hugmyndin er að settar verði reglulega upp sýningar á verkum hönnuða en húsnæði verslunarinnar gefur færi á ýmiss konar starfsemi.

Kraum hefur undanfarin ár verið starfrækt í björtu og nútímalegu verslunarrými á bak við elsta hús Reykjavíkur sem stendur við Aðalstræti 10. Seldar hafa verið hönnunarsvörur svo sem skartgripir, nytjahlutir, skrautmunir og fatnaður. Fyrr á þessu ári tók verslunin yfir gamla húsið sem Skúli fógeti byggði. „Þetta ár, 2011, er sögulegt að því leyti að Skúli fógeti fæddist árið 1711 og Jón Sigurðsson árið 1811,“ segir Halla Bogadóttir, framkvæmdastjóri Kraums, en þess má geta að Jón gisti oft í „suðurstofunni“ svokölluðu þegar hann var hér á landi en bróðir hans, Jens, átti húsið um tíma.

Krambúð var rekin í húsinu í um 80 ár og við hönnun innréttinga á árinu var lögð áhersla á að búa til krambúðarstemmningu. Þar fást ýmsar smávörur svo sem úr íslenskri náttúru og má þar

nefna lífrænt ræktaðar vörur, náttúrusalt, sultur, síróp og karamellur auk snyrtivara sem framleiddar eru hér á landi.

Spennandi nýjung

Konfekt frá Hafliða Ragnarssyni bakara hefur fengist um tíma í Kraum og á næstunni verður opnuð sérverslun í „suðurstofunni“.

„Hugmyndin hefur lengi verið að opna litla konfektbúð í miðbæ Reykjavíkur,“ segir Hafliði sem rekur tvö bakarí. „Ég hef lengi leitað að hentugu húsnæði og þetta er æðislegt þótt það sé lítið eða 20 fermetrar. Mér finnst það bara mjög sjarmerandi. Það þarf að vera eitthvað meira í þessu en bara það að opna búð - það þarf að vera einhver sérstök stemmning og sjarmi og ég held að það náist í suðurstofunni. Stemmningin á að vera þannig að fólk komi inn í litla gúrmeibúð og hafi í öll horn að líta þó þau séu ekki mörg.“

Settar hafa verið upp innréttingar í stíl við húsið og Hafliði mun bjóða upp á ýmsar nýjungar hvað konfektibúð varðar. Fyrir utan úrval konfekts í kössum og pokum munu viðskiptavinir svo geta valið konfektmola sem settir verða í lítil kramarhús og verða þeir seldir eftir vigt.

Hönnunarsýningar

„Enn ein nýjungin hjá okkur er að nýta aðra hæðina í nýja húsinu sem sýningarrými fyrir hönnunarsvörur,“ segir Halla.



„Fyrsta sýningin var opnuð í nóvemberbyrjun og voru sýndir nýir lampar, sófar og hillueiningar sem Pétur B. Lúthersson húsgagnahönnuður hannaði; sumt er áfram til sýnis þótt sýningunni sé lokið.“

Segja má að sköpunargleðin kraumi á meðal starfsfólks Kraums sem og hönnuðanna: Kraum hefur verið virkur þátttakandi í HönnunarMars undanfarin ár og á meðal nýjunga er samstarf Kraums við fimm hönnuði sem munu á næsta HönnunarMarsi kynna vörur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir Kraum og verða seldar í versluninni. Hönnuðirnir eru Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, vöruhönnuður og grafískur hönnuður, Sonja Bent fatahönnuður, Stefán Pétur Sólveigarson vöruhönnuður,

Steinunn Vala Sigfúsdóttir skartgripahönnuður og Tinna Gunnarsdóttir vöruhönnuður.

Ræðubindi og spaghettímælir

Það má kannski líkja Kraumi við listasafn þar sem þar er hægt að skoða úrval íslenskrar hönnunar. Margir erlendir ferðamenn staldra við í versluninni og segir Halla að hugmyndauðgi hönnuða komi ferðamönnum á óvart.

Til að nefna dæmi um forvitnilega huti má nefna ræðubindi - hægt er að velja um ýmiss konar ræður s.s. þakkarræðu, hátíðarræðu... Sá sem er með bindið á sér þarf einfaldlega að lyfta því upp og lesa það sem á því stendur. Einnig má nefna spábollasett og nýjasti hluturinn er spaghettímælirinn „Ég gæti borðað heilan hest“.

Að varðveita söguna

Halla segist verða vör við að erlendir ferðamenn hafi mikinn áhuga á byggingarsögu gamla hússins. „Þeir vilja heyra um líf fólks fyrr á tímum og hvernig hús voru byggð.“ Hún segir góðan anda ríkja í gamla húsinu og hefur trú trú á að Skúli fylgist með.

Óhætt er að segja að Aðalstræti 10 sé í hjarta miðborgarinnar. Húsið stendur í nágrenni annarra timburhúsa sem gerð hafa verið upp og setja skemmtilegan svip á umhverfið. Halla bendir á nauðsyn þess að leggja rækt við miðborgina. „Ég fann það þegar ég fór að vinna í svona gömlu húsi hvað það er mikilvægt að við varðveitum sögu okkar. Ósk mín er að miðborgin haldi velli og verði áfram falleg - og verði fallegri með fleiri uppgerðum, gömlum húsum og fallegri lýsingu.“



Kraum, Verslunin að innan, Falleg og hlýleg verslun.



GEOMETRÍSK FORM Á SAUÐSKINNSLEÐRI

Guðrún Stefánsdóttir



Guðrún Stefánsdóttir hennar leðurvarning undir eigin vörulínu að nafni Arkart samhliða störfum sínum sem arkitekt. Hönnun á svo ólíkri stærðargráðu getur vel átt sér marga sameiginlega fleti, enda má hæglega sjá hin geometrísku form arkitektúrsins í hönnun Guðrúnar.

Arkart-línan samanstendur aðallega af leðurtöskum af öllum stærðum og gerðum, sem og hálsfestum og eyrnalokkum úr sama efni. Guðrún hélt sig upprunalega við að sníða töskurnar en uppgötvaði svo sér til ánægju að það leður sem varð afgangs við vinnuna við töskurnar gat nýst til ýmiss brúks. Hóf hún því að hanna hálsfestarnar og eyrnalokkana úr afganginum með því að sníða hin ýmsu geometrísku form, svo sem hringi og ferninga, í mismunandi litum sem svo mynda fallega heild þegar þeim er raðað saman á festi eða lokk.

Vörur Arkart-línunnar bera þess ljós merki að um vanan og reyndan arkitekt er að ræða með greinilegar fagurfræðilegar áherslur. Einfaldleikinn sem og regufestan er í fyrirrúmi, eiginleikar sem eru prýði bæði fyrir hverja einustu byggingu sem og fallega hönnun.

Geometrísk form, sem svo mikilvæg eru við mótun fallegs umhverfis húsa og bygginga, einkenna hönnun Arkart-línunnar. En á sama tíma glæða hinir ýmsu

ólíku litir hin einföldu form miklu lífi og tóna saman á skemmtilegan hátt. Allar vörur línunnar eru unnar frá grunni af Guðrúnu sjálfri. Vinnur hún töskurnar og skartgripina úr náttúrulegu, ólituðu sauðskinnsléðri.

Guðrún hafði lengi verið að vinna hluti úr leðri sér til yndisauka samfara störfum sínum sem arkitekt. Hana hafði dreymt um að geta eytt meiri tími í leðurhönnunina en það var ekki fyrr en harnaði á dalinum á Íslandi að sá tími gafst. Áhuginn á arkitektúr hefur þó aldrei dvínað.



Hún nam arkitektúr við hin Konunglega Arkitektaskóla í Kaupmannahöfn, þaðan sem hún lauk námi árið 1986. Hóf hún vinnuferillinn hjá Guðna Pálssyni arkitekt en hóf sjálf rekstur eigin teiknistofu árið 1989 í samfloti við samstarfsmenn.

Að sögn Guðrúnar spanna verkefni hennar sem arkitekts allt litrófið, frá hönnun umhverfis til stórra bygginga. Mest hafi hún teiknað fyrir einkaaðila og þótt það skemmtilegustu verkefni þegar hún fengi að hanna allt umhverfi fólks; byggingu sem og innréttingar hennar, garða og jafnvel sumarbústaði.

Sala á vörulínunni Arkart hefur gengið afar vel að sögn Guðrúnar og tók hún meðal annars þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur á dögum. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um vörulínu Guðrúnar á arkart.is en hún er einnig til sölu í Listasafni Íslands og hjá Sædísí Gullsmiðju við gömlu höfnina í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.arkart.is

Guðrún Stefánsdóttir
sími 8623355.





SAMSTAÐAN ER OKKAR STYRKUR, segir Jón Ólafur Ólafsson formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík

Það er líklega ekki á allra vitorði að á höfuðborgarsvæðinu er starfandi félag sem heitir Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Það á sér býsna langa og merkilega sögu; var stofnað 3. febrúar 1867 og reyndar á ekkert félag á Íslandi sér lengri samfellda sögu. Áður fyrr voru iðnaðarmannafélög víðar um landið en þau hafa öll lagt upp laupana nema Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Formaður þess er Jón Ólafur Ólafsson sem er menntaður húsamálari og arkitekt. Við mæltum okkur mót í gamla Iðnskólahúsinu í Lækjargötu 14 en þar á félagið stórt og einstakt rými sem nefnt er Baðstofa iðnaðarmanna. Ég bað Jón Ólaf fyrst um að segja mér frá húsinu og þessari sérstöku vistarveru.

Húsið var reist af reykvískum iðnaðarmönnum í upphafi síðustu aldar, segir Jón Ólafur, og hér hófst skipulagt iðnnám sem var síðan flutt í Iðnskólann á Skólavörðuholti á 6. áratugnum. Í dag þekkjá fleiri húsið sem hús dómkirkjusafnaðarins en Iðnaðarmannafélagið á enn Baðstofuna sem var hönnuð í þjóðlegum stíl árið 1926 og er meðal annars notuð fyrir fundi félagsins.

Ég tek eftir útskrönum drekasúlum og kyndlum í Baðstofunni. Einnig kvæðisbrotum með höfðaletri sem Jón Ólafur segir að hafi upphaflega verið handverk og hönnun Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara.

Reyndar stórskemmdist húsið í eldi árið 1986, segir hann, þar á meðal Baðstofan en hún var öll endurbyggð.

En ef við víkjum aftur til stofnars félagsins: 1867. Þá var öldin önnur í henni Reykjavík, ekki satt?

Jú, mikil ósköp. Þá var allt annar bæjarbragur hér. Erlendur ferðamaður var á ferð í Reykjavík á þessu ári og lýsti bænum með þessum orðum: „Þessi höfuðborg Íslands mætti mér í kalsaroki og rigningu. Eyðilegri stað hef ég sjaldan eða nokkurn tímann séð ... Mér kom hún fyrir sjónir sem útnári á jaðri siðmenningar, undirlögð af hræðilegri lykt af rotnandi og þurrkuðum fiski.“

Á þessum árum var enn stundaður búskapur í bæjarlandinu sem var þó að breytast smám saman í þéttbýli og iðnaðarmenn mynduðu hluta af hinni nýju borgarastétt. Danskir iðnaðarmenn unnu mikið að húsbyggingum í Reykjavík og Iðnaðarmannafélagið var öðrum þræði stofnað til að sporna við áhrifum Dana á því sviði.

Var þetta þá eingöngu stéttarfélag?

Nei, alls ekki, segir Jón Ólafur. Það beitti sér ekki síður fyrir fræðslu- og menningarstarfsemi fyrir iðnaðarmenn. Meðal annars var ráðist í að byggja stórt samkomuhús við Reykjavíkurtjörn sem nefnt var Iðnaðarmannahúsið eða Iðnó í daglegu tali og varð fyrsta leikhús bæjarins eftir að Leikfélag Reykjavíkur var stofnað árið 1897. Þegar bygging Iðnós var komin í höfn var ráðist í að reisa stórt hús á horni Lækjargötu og Vonarstrætis. Hér tók iðnskóli til starfa árið 1904 sem varð mikið framfaraspor í iðnfræðslumálum. Þegar skólinn var fluttur upp á Skólavörðuholt tók íslenska ríkið við rekstrinum sem var orðinn félaginu ofviða.

Jón Ólafur segir að menningarstarfsemi félagsins hafi ævinlega verið drjúgur hluti af félagsstarfinu: snemma á síðustu öld safnaði félagið fyrir styttni af Ingólfi Arnarsyni, segir hann, eða standmynd eins og hún var kölluð á þeim árum og var hún færð íslenska ríkinu að gjöf árið 1924. Á aldarafmæli Iðnskólans árið 2004 gaf félagið skólanum listaverkið Mentor eftir Helga Gíslason myndhöggvara. Einnig hélt félagið iðnsýningar og jafnvel listsýningar og kom að stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur árið 1932.

Þannig hefur Iðnaðarmannafélagið ævinlega látið góð verk og framfaramál til sín taka. Ekki má gleyma svonefndri borgarstjórnakeðju sem Leifur Kaldal smíðaði og félagið færði borginni að gjöf á aldarafmæli þess árið 1967. Við höfum alltaf lagt áherslu á það að borgarstjóri hvers tíma skarti þessari fallugu keðju á hátíðarstundum.

En hvernig reiddi þessu gamlagróna félagi af í umróti síðustu aldar?

Þá komu ýmis stéttarfélag iðnaðarmanna til sögunnar svo kraftarnir dreifðust víða og við það breyttist hlutverk Iðnaðarmannafélagsins. En þessi aðgreining í einstök félög er að hörfa til baka, finnst mér, og ég tel að í framtíðinni verði meiri horft til heildarsamtaka eins og Iðnaðarmannafélagsins.

Hverjir eru helstu þættir félagsstarfseminnar í dag?

Svonefnd nýsveinahátíð er mikilvægur liður í starfseminni. Einstök stéttarfélag senda okkur tilnefningar og síðan eru þeir verðlaunaðir sem hafa skarað fram úr á sveinsprófi með fagmannlegu og góðu handverki. Við höfum haldið þessa hátíð árlega frá 2007 og höfum verðlaunað 78 sveina fyrir afburða vel unnin sveinstykki. Þessi verðlaunahátíð er hornsteininn í starfi félagsins og forseti Íslands er verndari hennar. Við höfum líka veitt svokölluð nýsköpunarverðlaun og eigum fulltrúa í stjórn Tækniskólans.

En hvaða tekjustofna hefur félagið til að standa straum af félagsstarfinu?

Þar koma félagsgjöldin til sögunnar en einnig á félagið húseignir sem það hefur tekjur af.

Þið veljið einnig iðnaðarmannársins, ekki rétt?

Jú, síðastliðin þrjú ár hefur stjórn félagsins valið iðnaðarmannársins sem hefur unnið stétt sinni og iðnaðinum til heilla. Þeir sem hafa



fengið þessi verðlaun eru Óðinn Jónsson járníðnaðarmaður, Björgvin Tómasson orgelsmiður og nú síðast Dóra Jónsdóttir gullsmiður.

Iðnaðarmannafélagið er eina félagið sinnar tegundar á Íslandi en eigið þið ekki systurfélög á hinum Norðurlöndunum?

Jú, það eru til slík félög í höfuðborgum allra hinna Norðurlandanna, segir Jón Ólafur, og við hittumst reglulega til að ræða sameiginleg hugðarefni. Slíkir fundir hafa verið haldnir hér á landi og hann verður reyndar haldinn hérlendis næsta sumar.

Hvað eru félagsmenn margir í Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík?

Í dag eru þeir 170-180 talsins, einkum faglærðir iðnaðarmenn en einnig arkitektar, byggingafræðingar, verkfræðingar og tæknifræðingar. Þeir sem hafa unnið í þágu iðnaðarins eða stundað kennslustörf á sviði iðnfræðslu geta einnig sótt um inngöngu í félagið en félagsmenn koma af öllu höfuðborgarsvæðinu. Ég á von á því að Iðnaðarmannafélagið verði í vaxandi mæli sá farvegur sem iðnaðarmenn leita í til að vinna að framfaramálum sem eru öllum iðnaðarmönnum til heilla. Við fögnum öllum nýjum félagsmönnum því samstaðan er okkar styrkur, sagði Jón Ólafur Ólafsson að lokum.

-BB





KAFFI, ELDGOS OG JARÐSKJÁLFTAR

Volcano House

Kaffihús, sýningarsalur, verslun og kvikmyndasalur: Allt þetta tilheyrir Volcano House þar sem gestir geta notið góðra veitinga og skoðað m.a. steina og bombur og horft á kvikmyndir sem tengjast eldgosum. Verið er að klára uppsetningu á jarðskjálftaherminum þar sem gestir munu geta upplifað jarðskjálfta. Þá er yfir vetrartímann hægt að leigja veitinga- og kvikmyndasalinn. Eigendur og rekstraraðilar Volcano House eru bræðurnir Þórir, Hörður og Svavar Gunnarssynir. Svavar býr í Svíþjóð en Þórir og Hörður þjóna sjálfir gestum og gangandi og í eldhúsinu ráða ríkjum eiginkonur, dætur og systur. Þetta er því sannkallað fjölskyldufyrirtæki upp á gamla mátann.

Hugað hefur verið að mörgum smáatriðunum við hönnun á Volcano House. Þegar gengið er inn í húsnæðið þá líkist það svolítið því að ganga á kolsvartri hraunbreiðu: Svart steinteppið á þarna vel við.

Þær eru nokkrar áherslurnar í rekstri fyrirtækisins og má þar fyrst nefna kaffihúsið.

Þar fást heimabakaðar kökur og grænmetisbökur. Þess má geta að hluta til verður um heilsusamlegar kökur að ræða; sumar glúteínfrjár og jafnvel hveitifrjár. Einnig er boðið upp á salat og súpu í hádeginu og á kvöldin. Í vetur er ætlunin að bjóða upp á lifandi tónlist og fyrirlestra sem tengjast náttúru Íslands og jarðfræði en Volcano House er meðal annars í samstarfi við Hamarinn, áhugamannfélag um jarðfræði, um fræðsludagskrá og fyrirlestra.

Tekkhúsgögn eru áberandi á kaffihúsinu. Róshildur Jónsdóttir og Snæbjörn Stefánsson eiga heiðurinn af hönnun Volcano House og var hugmyndin að hafa stílinn á kaffihúsinu í anda þess tíma þegar gjósa tók í Vestmannaeyjum snemma á sjöunda áratug síðustu aldar. Um gömul húsgögn er að ræða en búið er að gera þau upp og yfirdekkja.

Úr eldgosum á 18. öld

Margir forvitnilegir steinar eru í sýningarsalnum þar sem allir eru velkomnir og ekkert kostar að skoða. Hluti steinasafnsins kemur frá Jóel Jóhannssyni og bróður

hans sem hafa í áratugi safnað steinum úr íslenski náttúru.

„Við höfum einnig verið í samstarfi við Guðrúnu Larsen jarðfræðing en sérvið hennar er eldfjalla- og gjóskulagafræði,“ segir Þórir Gunnarsson, einn eigenda staðarins. „Guðrún fór í ferð með okkur til að safna jarðsýnum og gjósku auk þess sem við höfum farið sjálfir í slíkar ferðir. Einnig höfum við fengið ýmsar áhugverðar gjafir. Við fengum til dæmis nýlega flottar bombur eða steinkúlur. Um er að ræða steina sem koma djúpt úr iðrum jarðar í eldgosum; þeir þeytast í loft upp og verða kúlulaga. Þessar tilteknu bombur eru úr eldgosum í Víti í Mývatnssveit sem hófst árið 1724 og lauk 1729.“

Auk þess er á sýningunni um 3000 ára gamall vikur úr Heklugosi og segir Þórir að fólki þyki merkilegt að sjá að um fimm tegundir af vikri er að ræða úr sama gosinu.

Kvikmyndasýningar

Áhugasamir geta borgað inn á kvikmyndasýningu og séð tvær kvikmyndir sem tengjast eldgosum. Sýningin tekur um



40 mínútur og er sýning á klukkutíma fresti.

„Fyrri myndin er um eldgosid í Vestmannaeyjum og sýnir m.a. baráttu eyjamanna við að halda höfninni opinni með því að dæla sjó á hraunið. Framvinda eldgossins er sýnd og uppbygging eftir gos; sýnt er hvernig eyjamenn tóku höndum saman við að byggja bæinn upp og gera eyjuna græna og fallega á ný.“

Í hinni myndinni, Volcano Island, eru sýndar eldstöðvar á Íslandi - flogið var t.d. yfir Lakagíga og sjást margar íslenskar náttúruperlur en aðalatriði myndarinnar eru eldgosin í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi.“ Myndmeistari þeirrar myndar fékk tilnefningu til Emmy® verðlauna fyrir framúrskarandi kvikmyndatöku.

„Viðbrögð erlendu gestanna sem sjá myndirnar okkar eru yfirleitt: „Amazing“. Fólk fellur alveg í stafi. Því finnst þetta ótrúlega merkilegt og spyr oft hvernig við getum eiginlega búið hérna.“

Í verslun Volcano House, sem er staðsett í horni safnsins, fást ýmsir minjagripir og hönnun sem tengist eldgosum og jarðfræði Íslands.

Jarðskjálftahermir


Gert er ráð fyrir að eitt rýmið í húsnæðinu verði tilteinkað jarðskjálftum á Íslandi og verður það tilbúið snemma á næsta ári. Þar verður jarðskjálftahermir svo að gestir geti upplifað styrk

þekktustu jarðskjálfta sem orðið hafa hér á landi.

Hægt er að leigja veitingasalinn og kvikmyndasalinn yfir vetrartímann til einkanota. Kvikmyndasalurinn er með hallandi, bólstruðum sætum, ekta bíósætum frá 1960, sem flutt voru inn frá Svíþjóð. Þar í landi eru í flestum bæjum svokölluð „folkets hus“ eða „hús fólksins“. Svavar, sá bræðranna sem býr í Svíþjóð, keypti sætin og flutti þau til Íslands þegar verið var að gera upp eitt slíkt hús í nálægum bæ. Það sér ekki á þeim þrátt fyrir aldurinn og falla þau alveg inn í glæsilega hönnun staðarins.

Í kvikmyndsalnum er hægt að vera með glæru- og kvikmyndasýningar í háskerpuæðum.

„Volcano House er staður þar sem hægt er að eiga notalega stund, fá sér rjúkandi kaffisopa með gómsætri og heilsuþætandi kókusneið, hlusta á áhugaverða fyrirlestra m.a. um jarðfræði, vörður og íslenska náttúru eða tónlist, skoða og fræðast um náttúru landsins á jarðfræðisafninu, kaupa fallegan eldfjallakerstastjaka til að prýða heimilið og bregða sér svo að lokum inn í jarðskjálftaherbergið til að upplifa örstutt alvöruna sem felst í því að búa á landi sem er í sífelldri mótun og hreyfingu; dálítið sem gestirnir okkar spyrja gjarnan um en við veltum kannski ekki oft fyrir okkur.“



TÍMALAUST, STÍLHREINT OG NÝSTÁRLEGT

GuSt

Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir á heiðurinn af hönnuninni sem fæst í GuSt. Lögð er áhersla á sigilda hönnun.

„Það sem ég legg helst upp úr er að konur geti notað fötin ár eftir ár,“ segir Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður. „Ég vanda mig þegar ég vel efni en ég nota bara góð efni sem endast lengi. Hönnunin er frekar sigild þó takmarkið sé alltaf að gera eitthvað nýtt í hverri flík. Þetta er sigild, tímalaus hönnun sem endist vel.“

Guðrún nefnir líka notagildi og breytileika. „Fötin eru fyrir sterkar konur. Ég er ekki mikið fyrir blúndur, pífur eða annað dúllerí, legg frekar áherslu á vandaða sniðagerð og að hægt sé að breyta flíkunum. Ég vil helst að hægt sé að nota flíkurarnar við sem flest tækifæri, bæði í vinnu og spari“

Guðrún Kristín kemur með tvær línur á ári - sumarlínu og vetrarlínu - og svo bætir hún jafnóðum við þær. „Það kemur alltaf eitthvað eitthvað nýtt, ég er alltaf á vinnustofunni og þær flíkur sem verða til þar koma strax í búðina“

Verslunin er á mjög góðum stað í Bankastrætinu, þar sem allt iðar af lífi, kaffihús og íslensk hönnun á hverju horni, ég hvet allar konur til að kíkja í miðbæinn, hér finnst mér vera alvöru jólastemming.



Miðborgarinnar okkar



Fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgarinnar;

BORGUN



Vegur til farsældar

Þetta er lítil bók í formi dagatals, sem slær í gegn ár eftir ár, bjargar mannlífum og fær fólk til að breyta rétt gagnvart náunganum og sjálfu sér, er nú komin út í sinni nýjustu gerð. Í bókinni, sem gefin er út

í þremur mismunandi útgáfum, er að finna mörg mögnuð gullkorn fyrir hvern dag ársins, sem varða lífið, gæða það dásamlegu innihaldi og léttu lundina. Sannleikurinn er borinn á borð

með léttu kryddi og skemmtilegu ívafi.

Látið þessa einstöku bók ekki fram hjá ykkur fara því hún hefur þann eiginleika að höfða til allrar fjölskyldunnar óháð aldri.

Bókin fæst nú í helstu bókabúðum og ritfangaverslunum landsins, einnig í nokkrum blómabúðum þar sem hún sómir sér vel og er tilvalin gjafavara við næstum öll tækifæri.

Síðast en ekki síst fæst hún nú á lækkuðu verði. Verið velkomin í búðirnar og sjáið eða spyrjið ... eða bara hringið í síma 820-8408 og þar svarar ykkur vinur sem leiðir ykkur á rétta staðinn.



Fjölskyldan

Liknarfélag ses.

Pósthólf 717, 121 Reykjavík

GSM: 820 8408

Netfang: gb@fjolskyldan.org—Vefsíða: www.fjolskyldan.org



GRÓFT, ÓBEISLAÐ OG FALLEGT

Sign

Sigurður Ingi Bjarnason gullsmiður er eigandi og aðalhönnuður Sign þar sem framleiddir eru skartgripir og seldir í um 20 verslunum. Hönnunin er undir sterkum áhrifum frá íslensku náttúru.

Sigurður Ingi stofnaði Sign árið 2004 og í fyrstu var lögð áhersla á að veita verslunum þjónustu með viðgerðum á skarti en auk þess smíðaði Ingi, eins og hann er oftast kallaður, skartgripir og seldi í verslunum. Hann hannaði í kjölfarið skartgripalínuna „Eldur og ís“ sem var fyrst og fremst hugsuð fyrir erlenda ferðamenn, bæði sem einar konar minjagripir sem tengjast og

minna á íslenska náttúru og sem flott skart sem stendur algjörlega fyrir sínu sem slíkt.

Umsvifin hafa aukist jafnt og þétt frá stofnun og í dag eru vörur Sign seldar í um 20 verslunum og er langt frá því að eingöngu sé um að ræða vörur fyrir ferðamenn.

„Ég er leiðandi hönnuður á verkstæðinu og smíða flestar prótótýpunar,“ segir Ingi, „samhliða því sem ég hitti viðskiptavinum sem koma til mín og vilja sérsníða. Við hönnum og smíðum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og félagsamtök og höfum átt miklum vinsældum að fagna sem við erum þakklát fyrir

enda leggjum við metnað í að veita góða þjónustu og reynum að koma til móts við þarfir viðskiptavinnanna.“

Dulúð veðráttunnar

Þegar Ingi er beðinn um að lýsa hönnun sinni segir hann: „Hún er líklega gróf, óbeisluð, sjálfstærð og auðvitað falleg.“ Hann segir hugmyndirnar að hönnuninni koma að miklu leyti úr íslensku náttúru. „Oft er það þannig að ég sé eitthvað sem hrífur mig þegar ég geng eða ek um landið. Ég er hrifinn af íslensku náttúru og allri þeirri fjölbreytni sem í henni finnst. Þá er ég að tala um form, áferð, liti og dulúð sem íslensk

birta og veðráttu eiga stóran þátt í að magna upp.“


Varðandi hönnunarferlið segir Ingi sumar hugmyndirnar lengi að gerjast og taka á sig mynd í huga hans en að aðrar spretti fram nærri því fullbúnar. „Ég hanna oft í lotum og er þá jafnvel búinn að ganga með hugmyndirnar, allt að því fullbúnar, í margar vikur.“

Eðalmálmur

Sign framleiðir nokkrar skartgripalínur: „Signs by Sign“, „Eldur og ís“, „Mystic“, „Piece of Iceland“, „Rock“ og „Straumur“ auk þess sem framleiddir eru krossar og trúlofunar- og giftingarhringir. Einungis eðalmálmur eru notaðar í skartgripum fyrirtækisins og er meirihluti þeirra úr silfri. Silfrið er varið með rhodiumhúðun sem tefur fyrir því að falli á skartið. Þá er hægt að gylla allt skart frá Sign og fæst gyllingin án aukagjalds.

„Í skartgripunum má oft finna samspil andstæðna og ólíkra þátta sem lifa samlífi í íslensku náttúru; gróft mætir mjúku, heitt mætir köldu, svo dæmi séu tekin. Gróft mætir glansandi fleti sem kallast á við svart hraun og bláhvítan ísjakann.“

Ingi segir að þó að línurnar hans hafi allar sín sérkenni tvinnist þær engu að síður saman. „Ég er alltaf að fást með einhverjum hætti við íslenska náttúru en línurnar draga út og beinast að ólíkum þemum. Mystic-línan leggur til dæmis sérstaklega upp úr dulúð náttúrunnar, á meðan Eldur og Ís-línan dregur út andstæður hins heita og kalda. Ég hef gaman af þeim öllum,“ segir Ingi og bætir við að hann reyni að einbeita sér aðeins að einni línu í einu. „Ég er til dæmis búinn að vera upptekinn í Mystic-línunni undanfarið en hún er seinsmíðuð af ýmsum ástæðum og hægar breytingar í henni.“



Öskubuska og álfkonan

Hvað ætli eðalmálmur og eðalsteinar séu í huga Inga? „Ég ætlaði að segja gamalt grjótt en... Eðalsteinar eru í mínum huga fyrirheit um feður. Óunnir og óslípaðir eru þeir svolítið eins og Öskubuska sem bíða eftir að álfkonan, sem verður víst að vera ég í þessu samhengi, geri þá að því sem þeir geta orðið svo þeir geti fengið notið sín og aðrir geti notið þeirra.“

Spurður um hvort hann upplifi hönnun sem gefandi starf koma vöflur á Inga. „Ég hef bara aldrei leitt hugann að því. En nú þegar ég er spurður og reyni að sjá fyrir mér hvernig það væri að hanna ekki, sé ég bara fyrir mér einhvern annan mann. Það að hanna gefur mér þá í öllu falli stóran hluta af því sem ég er. Mér finnst mjög gaman að hanna og gæti ekki hugsað mér að vera án þess. Það gefur mér kraft - kraft til að takast á við fleiri verkefni og fá hugmyndir, þróast og þroskast bæði sem hönnuður og persóna.“



Sæl á jólanótt

Svíf þú inn í svefninn

Hágæða sælurúm



Það er ekki að ástæðulausu sem við köllum þessi rúm sælurúm.

Þessi geysivinsælu rúm eru mjög fullkomin, með nuddi og þráðlausri fjarstýringu sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Þú getur valið um margar stærðir og mismunandi stífleika á springdýnum.



**Allir
fá þá
eitthvað
fallegt!**

Sængurverasett,
sængur og koddar,
rúmteppi, náttborð og
margt fleira til að gleðja
þá sem að þér þykir vænt um.



Allt eftir þínum óskum!

Bólstraðir höfðagaflar og botnar í mörgum litum og margs konar áklæðum.

Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla – Íslenskt, já takk!



Hágæðarúm á góðu verði. Sjá nánar á www.rbrum.is

Opið alla virka daga frá kl. 8 – 18, laugardaga frá kl. 10 – 14 og sunnudaga frá kl. 13 – 16.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

**R
B
RÚM**
Stofnað 1943



Stelpurnar eru ballerínur frá Listdansskóla Reykjanesbæjar – Bryn Ballett.

ENDURNÝTING BYGGINGAREFNA Á ÁSBRÚ

Kadeco

Markmið og tilgangur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, eða Kadeco, er að leiða þróun og uppbyggingu á Ásbrú, samfélagi frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Áhersla hefur verið lögð á hámarks endurnýtingu byggingarefnis þegar byggingar á svæðinu eru gerðar upp.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur vakið athygli fyrir þann árangur sem hefur náðst við uppbyggingu á Ásbrú en tæplega 2.000 manns búa á Ásbrú og nær 60 fyrirtæki af öllum gerðum eru þar með starfsemi.

Um einstakt verkefni er að ræða á Íslandi á fjölmargan máta að mati Óla Arnar Eiríkssonar, verkefnisstjóra stefnumótunar- og markaðsmála hjá Kadeco.

„Hér er gríðarlegt magn af fasteignum tekið úr sínu upphaflega samhengi, sem er varnarstöð Nató, og fært yfir í annað, íslenskt samhengi. Þetta er í raun risastórt endurhönnunarverkefni. Það þarf

að hugsa hverja byggingu upp á nýtt, ekki horfa á það hvað hún var, heldur á það hvað hún gæti orðið; hvernig getur hún nýst sínu umhverfi sem best? Við lögðumst í mikla skipulagsvinnu með samstarfsaðilum okkar og teiknuðum upp úr því nýtt skipulag sem tekur tillit til svæðisbundinna styrkleika Reykjanes.

Fyrir okkur er hönnun ekki takmörkuð við að skapa eitthvað glænýtt heldur snýst hún um að taka það sem fyrir er og umbreyta á þann hátt að nýtt samhengi skapist. Þetta erum við að gera með Ásbrú í heild sinni en hugmyndin er kannski sýnilegri þegar fólk skoðar ákveðnar fasteignir sem þjónuðu áður hernaðarlegum tilgangi en hýsa í dag gerólíka starfsemi. Gott dæmi um byggingu sem fær nýtt hlutverk er skotfæragæmsla Nató en eftir umbreytingu þá eru þar tvö fyrirtæki með heilsutengda starfsemi: Listdansskóli Reykjanesbæjar, Bryn Ballett og lífræni húðvöruframleiðandinn Alkemistinn.“

Mikill sparnaður

„Verkefni þróunarfélagsins voru hugsuð þannig að við myndum selja eignir og nýta það fjármagn sem kæmi úr sölu þeirra til þess að þróa næstu eignir og framkvæma umhverfisbætur á svæðinu. Frá upphafi voru sjálfbærni og endurnýting leiðarljós verkefnisins en þegar kreppti að þá höfðum við minna fjármagn á milli handanna og leituðum leiða til þess að halda verkefnum gangandi. Þá unnum

við, ásamt verkfræðifyrirtækinu OMR áætlun um að endurnýta efni eins mikið og hægt væri, og þróuðum aðferðarfræði í kringum það. Þessi aðferð veldur því að vinnuliður verður hærra hlutfall af kostnaði en ella. Þetta krefst þess að smiðir vandi sig meira og gefi sér lengri tíma í verkið. Þrátt fyrir það höfum við fundið að mikill sparnaður er fólgin í þessu. Með þessari leið framkvæmum við sama verk fyrir færri krónur, framkvæmdin er umhverfisvænni og stærra hluti hvernar krónu fer í að borga laun.

Þegar aðilar koma til okkar og vantar aðstöðu fyrir fyrirtæki sitt eða verkefni þá skoðum við fyrst hvar það passar inn í skipulagið á Ásbrú. Í kjölfarið er lagt mat á það hvaða eignir gætu hentað þessari starfsemi. Svo greinum við hvernig byggingin liggur við ytra umhverfinu, göngustígum, bílastæðum og gatnakerfi. Við skoðum líka hverjar þarfir notenda hússins verða miðað við ákveðna starfsemi og hvernig byggingin getur svarað þeim þörfum. Í kjölfarið er kannað hversu vel núverandi skipulag hússins hentar undir starfseminu, hversu mikið af núverandi byggingarefni getur nýst við breytingar og ef það gengur mikið byggingarefni til hliðar, hvort það nýttist í aðrar framkvæmdir í framtíðinni.

Við viljum meina að þetta sé fyrirmyndarvinnulag og -viðbrögð við krepptu. Þetta er ágætis dæmi um það hvernig neyðin kennir naktri konu að spinna; að með minni pening í



Alkemistinn á Ásbrú: Daniel Coaten og konan hans Bryndís Einarsson sem er líka framkvæmdastjóri Listdansskólans.

höndunum byrjuðum við að vinna á umhverfisvænni og ódýrari hátt en sköpuðum á sama tíma fleiri störf á hverja krónu.“

Kvikmyndaver í gömlu flugskýli

Óli Örn segir að Keilir sé gott dæmi um verkefni af þessu tagi en skólinn er í húsnæði þar sem herinn var áður með menntaskóla. Keilir var stofnaður árið 2007 og í fyrstu var gert ráð fyrir að uppbygging á framtíðar skólabyggingu myndi nema um tveimur milljörðum króna. „Skoðaðar voru hófsamari áætlanir í kjölfarið á kreppunni sem fólust í að nýta byggingu sem fyrir var á staðnum en það hefði samt kostað um milljarð að gera það húsnæði upp. Með því að fara í þessa hámarksendurnýtingu byggingarefna þá var endanlegur kostnaður undir 200 milljónum sem gerir þetta líklegast að alhagkvæmasta skólahúsnæði sem finnst á landinu.

Í menningarhúsinu Andrews á Ásbrú er flottur 500 sæta salur með stóru sviði. Það kostaði um 50 milljónir að koma húsinu í þetta flotta ásigkomulag og er það tiltölulega vel sloppið samanborið við ýmis frægari menningarhús.“

Óli Örn nefnir líka flugskýli sem notað var um tíma sem bifreiðaverkstæði en er í dag leigt út til kvikmyndatöku og vörusýninga.

„Svo er það hinn sögufrægi Offiseraklúbbur sem búið er að skipta í tvennt. Annars vegar er um stóra veislusali að ræða sem gerðir hafa verið upp á upprunalegan hátt en síðan hefur hinn helmingurinn af húsinu verið opnaður upp og þar verður byggt upp safn um Kalda stríðið. Við sjáum fyrir okkur að þar gæti verið menningartengd ferðapjónusta.

Við teljum að það séu mikil verðmæti fólgin í því að reyna að endurnýta byggingar og byggingarefni eins og hægt er.

Fólki finnst oft flottara að byggja nýtt án þess að skoða fyrst hinn möguleikann; auðvitað á það ekki alltaf við að gera upp og stundum þarf nýbyggingu til að uppfylla allar þær tæknilegu þarfir sem gerðar eru til starfseminnar. En það er víða hægt að spara með þessum hætti. Þegar fólk þarf að horfa í hverja krónu og það er mikið atvinnuleysi á sama tíma, þá hljóta menn að þurfa að gefa þessu, þó ekki nema sé örlítinn gaum.“



Óli Örn.



FALLEG OG HAGNÝT HÖNNUN Á GÓÐU VERÐI *Ilva Korputorgi*

ILVA verslanir hafa verið starfræktar í Danmörku í tæp 40 ár en hér á landi í rúm þrjú ár. „Við bjóðum upp á gott vöruúrval og hagnýta hönnun,“ segir Róbert Valtýsson framkvæmdastjóri. „Hjá okkur er hægt að kaupa næstum allt til heimilisins. Hjá ILVA starfar stór hópur af fagfólki og við tökum vel á móti viðskiptavinum hvort sem þú vantar góð ráð, vilja hanna sinn eigin sófa eða vantar bara kerti til að lýsa upp skammdegið. Við bjóðum upp á mikið úrval af fallegum húsgögnum og gjafavöru á sanngjörnu verði og viljum vera leiðandi í ráðgjöf og hugmyndum til að aðstoða viðskiptavinum okkar við að eignast fallegt heimili.“

Fyrsta ILVA verslunin var opnuð í Danmörku árið 1974 og er ein af stærstu húsgagna- og gjafavöruverslunum á Norðurlöndum þar sem seld eru sérhönnuð húsgögn og heimilisvörur. Verslanir ILVA eru þekktar fyrir hönnun, gott vöruúrval, hagstætt verð og góða þjónustu. ILVA verslunin hér á landi var opnuð árið 2008 og er í um 7000 fermetra húsnæði og bvkir

hin glæsilegasta. Við hönnunina var lögð áhersla á að viðskiptavinir fái innblástur og hugmyndir þegar þeir koma í verslunina.

„Við erum sannfærð um að opnun ILVA sé kærkomin viðbót á íslenskan markað og með mikilli þrautseigju starfsfólks hefur verslunin stimplað sig rækilega inn á erfiðan markað og ljóst að ILVA hefur fest sig í sessi og er komin til að vera,“ segir Róbert Valtýsson framkvæmdastjóri.

„Hjá ILVA er boðið upp á ráðgjöf þar sem þjálfað sölufólk tekur á móti viðskiptavinum. Útlitshönnuður vinnur hjá ILVA sem gefur viðskiptavinum og fyrirtækjum góð ráð við val á húsgögnum og smávöru. Hann kemur m.a. með hugmyndir um hvernig megi skipuleggja og fá sem mest út úr hverju rými og samræma stíl - allt að þörfum viðskiptavina - og getur fólk komið með teikningar af húsinu sínu eða skrifstofu.

Við viljum að öll fjölskyldan geti notið þess að versla í

fallegu og notalegu umhverfi þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Einnig erum við með Krakkahorn og notalegt kaffihús þar sem viðskiptavinir geta sest niður og fengið sér kaffi og með því. Krakkar geta leikið sér, litað eða horft á barnaefni í krakkahorninu á meðan mamma og pabbi nota tíman til að drekka kaffið sitt eða skoða húsgögn í rólegheitum.“

Houston teikniforrit ein nýjungin

Róbert segir að sófar séu ein af megináherslunum hjá ILVA. Það sem viðskiptavinir þurfa að gera er að fara inn á heimasíðu ILVA, ilva.is, eða koma í verslunina og fá aðstoð sölufólks. Fyrir þá sem vilja að sófinn passi heimilinu þá er HOUSTON einingasófinn lausn.

Tiltölulega auðvelt er að hanna sófann:

Settu saman 10 mismunandi sófaeiningar, 4 mismunandi armpúða, veldu milli 4 mismunandi tréfóta í 6 mismunandi litum eða



Róbert Valtýsson framkvæmdastjóri

málmfætur í krómi. „Síðan erum við með 60 tauáklæði og 20 úr leðri. Svona einfalt er það og þú ert kominn með draumasófan. Hvort sem þú ert meira fyrir rómantískar línur eða nýtískuleg form þá getur þú fengið sófann sem þig hefur dreymt um.

Hvernig sem sófinn lítur út þá skipta þægindin öllu. Allar sófagrindur eru gerðar úr FSC-viðurkenndri furu og eru með nozag fjöðrun. Sessan er með stífum og endingargóðum kjarna úr svampi sem er umlukinn mjúkri trefjafyllingu. Bak er fyllt með mjúkri trefjafyllingu.“

Aðeins 4 skref í Houston teikniforritinu og sófinn verður að veruleika:

- Raðaðu einingunum saman
- Veldu armpúða
- Veldu fætur
- Veldu áklæði

Prufur af öllum efnum og leðri er hægt að skoða í versluninni.

Stefnur og straumar

Á meðal annarra nýjunga má nefna að rómantískur sveitastíll

er ráðandi í vöruúrvali ILVA um þessar mundir og innblásturinn sóttur í náttúruna sem m.a. má sjá í smávöru eins og lömpum, textíl, gallerí og púðum. Það sama gildir um húsgögnin þar sem rómantíski stíllinn er þráðurinn í gegnum verslunina en að sjálfsögðu fá allir stílflokkar að njóta sín.

Róbert minnir einnig á vefverslun www.ilva.is en þar er hægt að versla allar vörur sem og símleiðis í gegnum þjónustuborð.

„Sú breyting hefur orðið hjá ILVA að fyrstu misserin komu nýjar vörulínur tvisvar á ári en í dag koma nýjar vörur allt árið. Fólk á að geta komið reglulega í verslunina og alltaf séð eitthvað nýtt.“ Þess má geta að ILVA skiptir út um 30% af vöruúrvali sínu á hverju ári

Róbert segir að nú sé einnig lögð áhersla á verðstiga sem þýðir að innan hvers vöruflökks má finna vörur á ólíku verði - allt frá vöru á góðu verði og vörur í hærri verðflokki. ILVA er stöðugt að leita leiða til að lækka vöruverð án þess að það komi niður á gæðum vörunnar.

„ILVA er fyrir alla....hér eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“





SJÁ UM HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU

Format - Akron

Hjá Format er boðið upp á hönnun og framleiðslu allt frá nafnspjaldavösum upp í heilu verslanirnar og sýningar.

Pétur Ingi Arnarson og Örn Einarsson stofnuðu Format árið 2002 og frá því 2007 hefur Akron verið hluti af Format. Pétur Ingi og Örn voru einu starfsmennirnir framan af en í dag eru starfsmenn 13.

Ólíkar lausnir eiga við í ólíkum umhverfum og hjá fyrirtækinu er unnið eftir þaulreyndum hönnunarferlum sem taka mið af ýmsum þáttum svo sem val á efni, staðsetningu kynningarvara, sýnileika þeirra, markhópum og sölufurum.

Hjá fyrirtækinu fæst úrval ólíkra efna svo sem plexigler, pvc, pet, ál og timbur.

„Það sem er sérstakt við Format er að við tengjum saman hönnun og framleiðslu á sama stað,“ segir Pétur Ingi. „Það er að segja: Það sem við hönnum/teiknum getum við líka framleitt auk þess sem við erum í samstarfi við aðra hönnuði, arkitekta og verktaka. Markmiðið hjá okkur er að viðskiptavinir okkar fái heildarlausn sem er sérsniðin að þeirra þörfum.“

Við stofnun fyrirtækisins var lögð áhersla á að fjárfesta í fullkomnum framleiðslutækjum og segir Pétur að fyrirtækið hafi yfir að ráða stórum, tölvustýrdum plastskurðarvélum auk vélar sem sker með lasergeisla. „Þetta samspil hönnunar og fullkominna framleiðslutækja gerir okkur kleift að framleiða ýmsar vörur með mjög öruggum hætti. Allt frá því að vera flóknar innréttingar í verslanir til einfaldra jólaóróa í glugga.“

Ýmsar sýningar

Format hefur komið að framleiðslu fjölda sýninga og má þar nefna sýninguna á Hrafnseyri við Arnarfjörð sem var sett upp í tilefni af 200 ára

afmæli Jóns Sigurðssonar. Það verkefni var í samstarfi við Björn G. Björnsson og Basalt arkitekta. „Við framleiddum um 90 metra langan, bogadreginn glerhjúp sem er uppistaðan í sýningunni. Þetta er mjög flókin sýning tæknilega séð; það var tæknilega erfitt að formbeygja tveggja metra háar 10 mm þykkar plexiglerplötur. Þetta var krefjandi verkefni og skemmtilegt. Allt gekk þetta upp og samstarfið hjá öllum þeim sem komu að þessu var mjög gott.“

Format hefur einnig komið að framleiðslu Gestastofu og upplýsingamiðstöðvar þjóðgarðsins í Ásbyrgi sem nefnd er Gljúfrastofa. Í því verkefni var lögð áhersla á Jökulsá á Fjöllum og þátt hennar í mótun lands og lífs. Frábær sýning sem er að mestu leyti framleidd hjá okkur og hönnuð af Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur og Bility ehf.

Í þessari sýningu var efnisval mjög fjölbreytt. Plexigler sýningakassar ásamt stöplum og stöndum úr krossvið og utanhúsklæðningu meðal annars. Mikið um útskornar figúru bæði plöntur og dýr.

Að auki höfum við framleitt ekki ósvipaðar sýningar fyrir Landgræðsluna Gunnarsholti ásamt Bility ehf.“

Verslanir

„Auk sýninga höfum við séð um heildarlausnir fyrir ýmsar verslanir.“

Nýverið lukum við t.d. við hönnun og framleiðslu á verslun fyrir Hátækni í Ármúla.

Það er dæmi um flókna framsetningu á fjölbreyttum vörum sem þurfa sérlausnir svo að framsetning sé góð. Verslanir Zo-On á Íslandi og í Noregi eru svo annað dæmi.

Af því að framleiðslan okkar er tölvukeyrð er auðvelt að hafa yfirsýn yfir hvern og einn hlut. Búa til kerfi sem hentar viðkomandi vöru og verslun. Eftir að búð er að hanna kerfi sem hentar er mjög auðvelt að gera breytingar og þróa sig áfram.“

Framleiðsluvörur

„Mörg af okkar stærri verkefnum hafa snúist um sjálfsafgreiðslu í verslunum. Við framleiddum t.d. nammibari, bakarí og blaðarekka. Þetta er mjög fjölbreytt og það þarf að taka tillit til ýmissa ólíkra þátta ef vel á að takast til. Velja réttu efnin og að hanna vörurnar þannig að þær þoli þá umgengni sem til er ætlast. Við höfum aflað okkur mikillar reynslu í þessum geira og höfum hannað fjöldann allan af lausnum sem hafa reynst vel. Flestir kannast við borðstanda eða póstkassa úr plexigleri sem dæmi.“

Við höfum einnig verið í mjög góðu samstarfi við aðra hönnuði og framleiddum ýmsar vörur fyrir þá. Trúnaður og traust á milli aðila er lykilatriði þegar um slíkt er að ræða.

Þetta er viðkvæmt svæði og það hefur komið fyrir að við höfum neitað aðilum um að framleiða fyrir sig eitthvað sem er eins eða mjög líkt því sem fyrir er. Þessi hluti okkar starfsemi hefur stækkað að undanförunu og margir hönnuðir að velta fyrir sér framleiðslu á sínum vörum. Íslenski markaðurinn er hins vegar mjög



lítill en á móti kemur að mjög ódýrt er að koma með nýja vörur inn á hann og prófa hvort hlutir seljast eða ekki.“

Þjónustan

Pétur Ingi segir að efnissala hafi alltaf verið stór hluti af

Format/Akron. „Við bjóðum upp á mikið úrval af plast tegundum frá ýmsum framleiðendum. Plexiglerið okkar kemur frá Evonik sem er stærsti acryl plast framleiðandi í heimi. Einnig erum við með plexiglerör og prófíla.“

www.format.is



PROLOGUS

Fágað og stílhreint

Guðmundur heitinn Einarsson, iðn- og vörhönnuður, stofnaði Prologus árið 1997. Hann vann til verðlauna og viðurkenninga fyrir hönnun sína og hjá fyrirtækinu fæst stór hluti af hönnun hans sem bæði er fyrir fyrirtæki og heimili.

Guðmundur Einarsson nam iðn- og vörhönnun við Istituto di Design á Ítalíu auk þess að stunda framhaldsnám við Rhode Island School of Design í Bandaríkjunum. Eftir að heim kom vann hann m.a. við ráðgjöf, vörupróun og hönnun fyrir fyrirtæki og stofnanir hér á landi og erlendis og á sama tíma vann hann að eigin vöru- og húsgagnahönnun sem varð grundvöllur að Prologus.

Fágún og fagmennska eru einkunnarorð Prologus og er fyrirtækið í samstarfi við mörg íslensk iðnfyrirtæki sem hafa mikla reynslu af framleiðslu og smíði. Hjá Prologus er boðið upp á fjölbreytt úrval húsgagna og fylgihluta fyrir fyrirtæki og heimili og má þar nefna

stóla, sófa, skenka, skiltalínur, sýningaskápa, bæklingastanda og skrifstofuhúsgögn. Þá er boðið upp á sérhönnun og aðlögun fyrir hvern og einn viðskiptavin.

Skemmtileg smáatriði

„Að hanna og skapa var líf hans og yndi,“ segir ekkja Guðmundar, Fríða Björk Einaradóttir. „Þetta hljómar eins og gömul lumma en hann var byrjaður sem lítið barn að fá hugmyndir, hann smíðaði, fór á ruslahaugana og bjó til hluti úr því sem hann fann þar. Það má segja að hann hafi haft þá eiginleika að geta búið til gull úr steini.“

Hugmyndafræði Guðmundar hvað varðar íslenska hönnun og framleiðslu var m.a. að viðhalda íslensku atvinnulífi, þróa og hanna vörur og nýta þar af leiðandi þá þekkingu sem er okkur nálæg. Hann lagði áherslu á að notagildið færi vel við hönnunina auk þess að leggja mikla áherslu á gæði. Fágún, hreinar línur og einfaldleiki einkennir hönnun hans; hlutirnir virka fyrirhafnalausir. Smáatriði kóróna verk hans; einfaldleikinn er áberandi en svo eru í þeim

skemmtileg smáatriði sem gera þau sérstök.“

Litirnir: Svart. Hvítt. Örfáir hlutir eru í öðrum litum. Áherslan var að hlutirnir stæðust tímans tönn.

Rökrétt samhengi

Tveir hönnuður vinna hjá Prologus. Það eru þau Guðberg Björnsson iðnhönnuður og Kristín Sigurðardóttir innanhússhönnuður.

„Guðmundur var natinn og oft og tíðum smámunasamur á jákvæðan hátt,“ segir Guðberg. „Smáatriðin í hlutunum gera góða hönnun betri. Eins og Fríða talaði um vildi hann byggja upp atvinnulífið með því að nota íslenskt hugvit auk þess að nota innlent efni ef því var komið við. Íslenskar viðartegundir hafa t.d. verið notaðar í einstökum hlutum.“

Guðmundur byggði hönnunina upp á rökréttu samhengi - að það sé t.d. ástæða fyrir því að saumurinn í stól liggja á ákveðnum stað; hann í rauninni byggði þetta upp þannig að það sé ástæða fyrir öllum línunum og

ákvörðunum í kringum hlutina og að hægt væri að komast að niðurstöðu samkvæmt ákveðnu ferli.“

Vildi ögra

Kristín segir að Guðmundur hafi lagt áherslu á þarfagreiningu áður en hönnunarferlið sjálft hófst. „Hann var óhræddur við að eyða tíma í að spjalla við viðskipavininn og komast að því hverjar þarfir hans og óskir væru áður en hafist var handa.“

Hún segir að Guðmundur hafi haft íslenska náttúru í huga við hönnunina; hún talar í því sambandi um hreinleikann og formin.

„Hann vildi ögra; hann vildi jafnvel að fólk héldi að það hlyti að vera óþægilegt að sitja í ákveðnum stól en svo kom annað í ljós þegar það settist í hann. Guðmundur vildi alls ekki að þægindin væru augljós.“

Að meginhluta til er selt hjá Prologus það sem Guðmundur hannaði og það aðlagað að tilteknum verkefnum. Guðberg segir að af og til komi nýjar fyrirspurnir og þá komi þau Kristín með tillögur að útfærslum og nýjum vörum.



Guðmundur heitinn Einarsson, iðn- og vörhönnuður, stofnaði Prologus árið 1997.

Erlendir aðilar hafa haft samband og sýnt hönnun Guðmundar áhuga og er verið að skoða hvort selja ætti hönnun hans í öðrum löndum þar sem vörurnar gætu átt vel heima í nágrennalöndunum.

Guðmundur Einarsson lést langt um aldur fram. Segja má að Prologus sé minning um mann sem í óeiginlegri merkingu hafi getað búið til gull úr steini.

www.prologus.is



ELIR, gamli eldhússtóllinn í nýjum búningi.



Bjartur, þokki í borðstofuna.



Symphony línar, einfaldar hirslur og skrifborð.



AÐ GERA SÖGUNA SÝNILEGA

Björn G. Björnsson sýningahönnuður

Undanfarnir 10-15 ár hefur orðið vakning í byggðum landsins í þá veru að draga fram sérstöðu sína með sýningum og setrum, gjarnan til að laða að ferðamenn og upplýsa þá um staðbundna sögu, atvinnuhætti, persónur eða viðburði. Við getum kallað þetta tilraun til að gera söguna sýnilega.

Hvað er það hér hjá okkur sem aðrir hafa ekki og við getum haldið á lofti okkur til framdráttar? Og svörin blasa við: Saltfiskur í Grindavík, Njála á Hvolsvelli, Eyjafjallajökull á Þorvaldseyri, Katla í Vík, Þórbergur í Suðursveit, jöklar á Hornafirði, Múlubræður á Vopnafirði, hvalir á Húsavík, þjóðlög á Siglufirði, kántrý á Skagaströnd, hafís á Blönduósi, selir á Hvammstanga, refir í Súðavík, galdrar á Ströndum, skrímsli á Bíldudal og jafnvel draugar á Stokkseyri.

Segja má að setravæðingin hafi hafist með Vesturfarasetrinu

á Hofsósi 1996, þar sem vönduð sýning studdi vel við viðfangsefni setursins og kom Hofsósi „á kortið“ með afgerandi hætti. Ári síðar tók Sögusetrið á Hvolsvelli til starfa með merkingu sögustaða og viðamikilli sýningu um tíðaranda sögualdar og efni Njáls sögu, en það var í fyrsta sinn að Íslendingasaga var viðfangsefni seturs af þessu tagi.

Mörg setur og sýningahús eru „gestastofur“ í eðli sínu (Visitor Centre) þar sem gestum er greint frá sérkennum og sögu svæðis eða einstaklings og bent á athyglisverða staði til að skoða og þau eru þannig hluti af hinni menningartengdu ferðapjónustu.

Yfirleitt er ekki um söfn að ræða með þeim skyldum sem lögbundinni starfsemi safna fylgja, s.s. söfnun, skráningu, varðveislu og rannsóknun, þótt sum hafi orðið „safn“ í heiti sínu, heldur eru þetta fyrst og fremst sýningar. Oft á einhver

söfnun muna sér stað í upphafi og svo ekki söguna meir. Dæmi um það er Bátasafn Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ sem er í raun ekki safn heldur fastasýning á munum og sama má segja um Sögusafnið í Perlunni. Okkur hættir hins vegar til að kalla allt „söfn“ þar sem eitthvað er til sýnis.

Flest eru setrin utan byggðasafnanna og hinnar hefðbundnu minjavörslu, oft á forræði sveitarfélaga, samtaka og jafnvel einstaklinga. Nokkur hefðbundin söfn hafa sérstöðu hvað varðar vandaðar og fjölbreyttar sýningar sem draga að fjölda ferðamanna, t.d. í Skógum, á Seyðisfirði, Húsavík, Akureyri, Siglufirði, í Glaumbæ og á Ísafirði.

Með tilkomu setranna hefur orðið bylting í hönnun safna og sýninga. Meiri áhersla er á miðlun sögunnar og samhengi hlutanna en áður. Þar gegna m.a. textaspjöld með myndefni, kvikmyndir, gagnvirk

margmiðlun og hljóðleiðsögn sífellt stærra hlutverki. Viða er staðið að verki af metnaði og smekkvísi og safngestir gera æ meiri kröfur til framsetningar sýninga, upplýsinga og upplifunar.

Engin söfn eru þó meira „lifandi“ en þau sem hafa lifandi fólk við leiðsögn, fólk sem kann sögu staðarins og handverk fyrri tíma, og er á engan hallað þótt Þórður í Skógum sé nefndur til sögu í því sambandi.

Afmæli Jóns Forseta

Á þessu ári var þess minnst að 200 ár voru frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta og nokkrar sýningar settar upp af því tilefni. Flestar eru tímabundnar og standa út afmælisárið, en aðrar eiga sér franhaldslíf. Þannig er sýningin í Þjóðminjasafni Íslands hluti af grunnsýningu þess og verður þar næstu árin. Sýningin „Óskabarn – æskan og Jón Sigurðsson“ verður uppi í Þjóðmenningarhúsinu fram á sumar 2012 en fer þá væntanlega til skóla á landsbyggðinni.

Lengst líf á þó sýningin „Líf í þágu þjóðar“ á Hrafnseyri fyrir höndum. Hún var opnuð 17. júní s.l. og mun verða uppi á Hrafnseyri næstu tíu árin, ef að líkum lætur. Þar er þó aðeins opið yfir sumartímann, nema með undantekningum. Efnt var til samkeppni um hönnun sýningarinnar og Basalt arkitektar báru sigur úr býtum með hugmynd sem kallaðist „tímanna rás“. Áhersla var á léttleika og gagnsæi, speglun og dýptarvirkun í glerinu og dagsbirtan látin ráða ríkjum.

Sýningin er afar nýstárleg í framsetningu, en efni hennar birtist á 90 metra löngum, glærum vegg úr plexi-gleri; textar, myndefni, gagnvirk margmiðlun, umhverfishljóð og fleira. Framleiðsla sýningarinnar var

nokkurt vandaverk þar sem m.a. þurfi að búa til margar „beygjur“ eða bogna fleti í plexi-gleri og svo að prenta sýninguna á filmur sem límdar voru á vegginn. Loks var sýningin flutt vestur í ótal bitum og sett upp í nýju og opnu rými þar sem áður var íbúð staðarhaldara á Hrafnseyri.

Aflað var tilboða í framleiðslu, prentun og uppsetningu sýningarinnar hér heima og í Bretlandi en það voru Format-Akron og Merking sem tóku verkið að sér. Vinnan við plexi-glerið og prentunina tók marga mánuði og sýningin var tilbúin viku fyrir Hrafnseyrarhátíð 17. júní þegar hún var formlega opnuð af forseta Íslands og forsætisráðherra. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur er höfundur alls texta á sýningunni á Hrafnseyri og einnig sýningu í Jónshúsi í Kaupmannahöfn.

Hornsteinar arkitektar hönnuðu breytingar á húsakynnum á Hrafnseyri og gerðar voru verulegar endurbætur á umhverfi hússins og aðgengi allra gesta bætt til muna. Sýningin dró að sér mikinn fjölda gesta þann tíma sem hún var opin í sumar og hún þykir bæði fróðleg, nýstárleg og vönduð.

Það var forsætisráðuneytið sem stóð straum af kostnaði við 200 ára afmælishald Jóns Sigurðssonar. Framkvæmdin á Hrafnseyri er eitt stærsta verkefni á sviði menningartengdrar ferðapjónustu sem ráðist hefur verið í af hálfu hins opinbera mörg undanfarnir ár og það langstærsta á Vestfjörðum.

Þessari umfjöllun fylgja ljósmyndir af nokkrum setrum og sýningum sem greinarhöfundur hefur unnið að á undanföllum árum.





GÓÐUR TÆKJAKOSTUR OG MIKIL ÞEKING

Merking

Merking sér m.a. um prentverk og uppsetningu á sýningum og má þar nefna sýningarnar á Hrafnseyri, í Gunnarsholti, sýninguna 871±2 í miðbæ Reykjavíkur og Þjóðminjasafn Íslands. Fyrir eina sýninguna voru myndir prentaðar og límdar á plexíglur, fyrir aðra var prentað á álplötur og fyrir þá þriðju var prentað á tau og pappír.

Fyrirtækið var stofnað árið 1976 og státar af góðum tækjakosti; þar af eru fimm öflugar prentvélar og getur sú stærsta prentað á allt að fimm metra breiðan flöt í einu.

Fagfólk með áratuga starfsreynslu vinnur hjá fyrirtækinu og hefur það séð um fjöldann allan af sýningum í árána rás.

„Við getum séð um allt prentverk og uppsetningu á sýningum,“ segir Jóhannes Frank Jóhannesson sölufulltrúi. „Í flestum tilfellum kemur viðskiptavinurinn til okkar með mótaðar hugmyndir - jafnvel teiknaðar upp eftir arkitekta og innanhússhönnuði - og vill fá tilboð í verkið eða þá að hann kemur til að fá verðhugmyndir. Við bendum þá viðkomandi til dæmis á nokkrar leiðir varðandi lausnir. Við fáum lítið að koma að sýningarhönnuninni fyrir fram sem er ákveðinn galli í mörgum tilvikum því við getum oft bent sýningarhönnuðum á hluti sem er kannski ekki hægt að framkvæma á landinu; við bendum þá á einfaldari, ódýrari og fljótvirkari leiðir eða að hlutir verða að vera gerðir á ákveðinn hátt svo ending og gæði haldist.“

Ýmsar aferðir

Engar tvær sýningar eru eins og segir Jóhannes Frank að það þurfi að finna ýmsar aðferðir fyrir hverja

sýningu. „Þegar hugmynd kemur upp breytist hún oft í ferlinu þar sem oft þarf að finna upp aðrar aðferðir heldur en voru hugsaðar í byrjun.“

Hann nefnir nokkrar áhugaverðar sýningar þar sem Merking kom t.d. að prentverki og uppsetningu.

Umfangsmiklar endurbætur voru gerðar á Hrafnseyri við Arnarfjörð í tilefni 200 ára afmælisárs Jóns Sigurðssonar í sumar. 90 metra langur, gegnsær veggur úr plexíglur er umgjörð sýningarinnar en hugmyndin er komin frá Basalt arkitektum sem valin var eftir samkeppni. Þar er að finna myndir og upplýsingar um Jón auk þess sem gestir geta fengið aðgang að margmiðlunarefni.

„Ég veit ekki til þess að neins staðar í heiminum hafi svona mikið plexíglur verið notað í eina sýningu með því að nota þá aðferð sem var beitt. Þetta var mjög flókin sýning. Allt myndefnið er prentað á sérstaka filmu sem er alveg tær og ósýnileg á plexíglerveggnum en þannig sést allt myndefni og texti mjög vel; við getum með sérstakri UV (Ultraviolet) prenttækni prentað á þessa filmu sem síðan er límd á plexíglur sem Merking sá síðan um að setja upp á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Veggurinn er límdur saman til að mynda eina heild þar sem hann hlykkjast meðfram veggjum húsin í beinum köflum jafnt sem bognum.“

Notkun á tau er að aukast

Jóhannes Frank nefnir líka sýningu á Gunnarsholti þar sem er sýning um sögu landgræðslu á Íslandi. Þar er texti og myndir á álplötum. „Í því tilfalli var prentað beint á plötur en ekki límt - það er munur frá því sem áður var. Í því tilfalli koma vélar meira að þessu heldur en mannshöndin;

ein vél til dæmis prentar og önnur sker út álið. Útkoman er því önnur en áður þar sem allur skurður er mun nákvæmari og ekki er eins mikil hætta á að myndir flagni þar sem um er að ræða prentun beint á efnið.“

Þessi aðferð að prenta beint á plötur gaf mjög góða áferð sem sýningahönnuðirnir voru mjög sáttir við, myndirnar eru síðan settar á vegg sýningarsalarins með festingum sem eru ekki sjáanlegar sem gefur myndum annað vægi og þær viðrast fljóta meira á veggnum. Þær eru einnig án ramma og nær myndefnið út í kant.“

Einnig má nefna sýninguna 871±2 í miðbæ Reykjavíkur þar sem Merking sá fyrir nokkrum árum um allt frá litlum myndum upp í lýsingu með díóðum sem voru þá að riðja sér til rúms hér á landi. Díóður (LED) eru einnig notaðar innanhúss í hinar ýmsu sýningar þar sem orkunotkun þeirra er lítil og þær gefa engan hita sem í mörgum tilvikum kemur sér vel þar sem oft er um að ræða viðkvæma sýningargripa.

Þá má nefna sýningu í Víkingaheimum í Reykjanesbæ þar sem Merking sá m.a. um að prenta texta á segl, álplötur og límfilmu.

Einnig sá Merking um uppsetningu og framleiðslu á núverandi sýningu í Þjóðminjasafni

Íslands en þar var mikið af letri skorið í límfilmu.

PVC, ál, timbur, MDF og fólm er mikið notað í stafi, merki og fleira sem tengist sýningum. Merking getur framleitt úr öllum þessum efnum og sprautað í öllum litum en fyrirtækið hefur yfir að ráða mjög öflugum sprautuklefa sem gerir alla málningar og sprautuvinnu einfaldari.

„Notkun á tau er að aukast í sýningum og kemur það í stað pappírs og límfilmu og á næstu árum munum við sjá aukningu í þessa átt sem og aukningu á notkun á díóðum en þær verða sífellt hagkvæmari valkostur sem og að þær verða einnig minni og auðveldari í meðförum.“





HLAUT ALÞJÓÐLEG GÆÐAVERÐLAUN

RB Rúm

Fyrirtækið RB rúm, sem hefur verið starfrækt í 68 ár, hlaut nýlega alþjóðleg gæðaverðlaun sem veitt eru fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. Hjá fyrirtækinu eru m.a. framleidd rúm, höfðagaflar, springdýnur og ýmsir fylgihlutir.

Ragnar Björnsson stofnaði fyrirtækið árið 1943 í Hafnarfirði og einbeitti sér fyrst í stað að húsgagnabólstrun. Hann fór til Danmerkur á fimmta áratugnum og lærði að búa til springdýnur og eftir að námi lauk og heim kom var lögð áhersla á framleiðslu á slíkum dýnum. Síðar var farið að framleiða rúmbotna og í dag eru auk þess framleiddir höfðagaflar, náttborð, dýnuhlífur, lök og ýmsir aðrir fylgihlutir. Auk verslunar og bólsturverkstæðis rekur fyrirtækið saumastofu og er lögð áhersla á að sem mest sé framleitt hér á landi. Hvað höfðagaflana varðar má nefna að viðskiptavinir geta komið með eigin hugmyndir og eru þá gaflarnir hannaðir í samræmi við það.

„Við framleiðum nokkrar gerðir af springdýnum sem hægt er að endurnýja eftir áralanga notkun; þegar dýnurnar fara að gefa sig ætti ekki að henda þeim heldur koma með þær til okkar,“ segir Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Og ef eitthvað bjátar á og ef eitthvað er ekki eins og það á að vera þá erum við hérna til staðar og veitum alla þjónustu.“

Alþjóðleg gæðaverðlaun

RB rúm er aðili að heims-samtökunum ISPA en um er að

ræða gæðasamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun á springdýnum.

Viðskiptavinir geta valið um fjórar tegundir af springdýnum sem RB rúm framleiða: RB venjulegar, Ull-deluxe, Super-deluxe og Grand-deluxe. Þá eru fjórir stíflleikar í boði á þessar fjórar tegundir: Mjúk, meðium, stíf og extrastíf. Hægt er að breyta stíflleika dýnanna en ef fólk er ekki sátt við dýnuna sem það hefur keypt - ef því finnst hún til dæmis vera of hörð eða of mjúk - þá er boðið upp á breytingu á henni viðkomandi að kostnaðarlausu svo fremi sem þetta er gert innan sex mánaða frá því hún var keypt.

Hjá RB rúmum eru einnig framleiddar sérhannaðar sjúkradýnur.

RB rúm hlaut nýlega alþjóðleg gæðaverðlaun sem veitt eru fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu og kallast verðlaunin International Quality Crown Awards og fór verðlaunaathöfnin fram í London. Einungis eitt fyrirtæki í hverri grein fær verðlaunin ár hvert. Verðlaunin hafa verið veitt í 20 ár og þykir mikill gæðastimpill.

Hótel og gistihús

Fyrir utan að selja rúm, springdýnur og fylgihluti til einstaklinga framleiðir RB rúm mikið fyrir hótél, gistiheimili og félagasamtök og skipta þau mörg hundruð rúmin sem framleidd eru á hverju ári fyrir þann markað. Við framleiðsluna er lögð mikil áhersla á gæði og vönduð vinnubrögð og eiga rúmin að endast lengi. „Hótelrúmin frá okkur eru öll með tvöföldu fjaðrakerfi.“

Má í þessu sambandi nefna Icelandair Hotels, Hótel Holt, Hótel Borg, Hótel Klett, Kea Hótel og Hótel Smyrlabjörg.

„Einnig hefur það færst í vöxt að hótél vilji fá sængurfatnað, lök, dýnuhlífur, sæng og kodka allt í sama pakknum og erum við með það líka.“

Tískustraumar

Birna segir að þótt viðskiptavinurinn sjái það ekki þá séu alltaf gerðar breytingar í dýnaframleiðslunni á um tveggja ára fresti. „Við reynum að fylgjast vel með allri þróun í þessu fagi og förum reglulega á sýningar og heimsækjum aðra I.S.P.A félag. Von er á nýrri tegund af yfirmottum sem eru fastar á dýnunum og eru fjaðrir einnig inni í þeim eins og aðaldýnunum.“

Tískustraumar ganga yfir og það sem var í tísku á sínum tíma gæti komið aftur í tísku. Það á einmitt við um rúmgafla sem Birna segir að eigi vinsældum að fagna um þessar mundir. Gaflarnir eru hannaðir í öllum stærðum hvað varðar lengd, breidd og hæð, þeir eru allir bólstraðir og valmöguleikar á áklæðum eru fjölmargir, bæði áklæðis-tegundum og litum.

Birna segir að það hafi lengi verið vinsælt að hafa rúmbotninn og höfðagaflinn í stíl og núna er einnig hægt að fá náttborð og rúmfatakistla í stíl.

Hvít og svart er ennþá vinsælt en jarðlitirnir eru að koma inn aftur; gráir, brúnir og drappaðir litir.

„Það hefur verið markmið R.B.Rúma síðastliðin 68 ár að hanna og framleiða rúm og springdýnur til ánægðra viðskiptavina sinna um allt land og er stefna að halda því áfram um ókomin ár.“





ÚTILJÓS

ÍSLENSK HÖNNUN
OG FRAMLEIÐSLA

www.rafkaup.is

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið:

10.00 - 18.00 virka daga

11.00 - 16.00 Laugardaga



Rammahús í fallegu umhverfi við Héraðsflóa.

RAMMAHÚS BYKO

Grunnpakki að 32 fm húsi, sem inniheldur grind, glugga, hurðir, krossvið utan á hús, klæðningu og þakefni kostar 2,3 milljónir króna

Sennilega hefur aldrei fyrr verið jafn auðvelt að byggja sumarhús og með nýju Rammahúsunum frá BYKO, en rammi þeirra kemur forsniðin frá Lettlandi og tilbúinn í pakka. Gluggar í húsin eru verksmiðjuframléiddir í Lettlandi, og allir í standardstærðum. Húsin eru hönnuð í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir og er hönnuður þeirra Magnús H. Ólafsson, margreyndur hönnuður á sviði eininga- og sumarhúsa. Allar bygginganefndarteikningar fylgja, og margar gerðir teikninga eru í boði. Engin tvö hús eru eins. Efnid í húsin er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum sem gerðar eru til sumarhúsabygginga á Íslandi. Innifalið er gerð aðaltekninga, skráningartöflu, sértekninga og burðarþolsteikninga að því gefnu að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag eða ígildi þess hjá viðkomandi sveitarfélagi og afstöðumynd til notkunar við gerð aðaltekninga.

Efnispakkann má fá í mörgum stærðum, allt frá 14 upp í 49 fermetra rammahús. Þau byggja öll á sömu grindareiningunni og

eru því öll jafn breið. Auðvelt er að stækka húsin sem einnig getur verið spennandi valkostur í ferðapjónustu þar sem hægt er að hafa húsin sem lengju smærri gistirýma með allt að 2-12 íbúðum. Raflagnir og pípuagnaefni er ekki innifalið í efnispökkum.

Efnispakkar - veldu þitt byggingarstig

Burðarviður í húsin kemur tilsniðinn í réttum stærðum og lengdum ásamt festingum með greinargóðum leiðbeiningum en sperrur og gólfbitar koma samsett. Auk þess að geta fengið húsin í fjölmörgum stærðum þá er hægt að kaupa 3 mismunandi efnispakka fyrir hvert og eitt hús sem helgast þá af því hversu mikið eða langt er farið í byggingu sumarhússins. Minnsti efnispakkinn innifelur að allt efni til að gera húsið tilbúið að utan, fókheld að innan. Næsti efnispakki innifelur að gera húsið tilbúið að utan og innan með innihurðum og gólfefnum. Þriðji efnispakkinn miðast við fullbúið hús með innréttingum og tækjum en sölumenn reikna pallaefni og skjólgirðingar eftir óskum hvers og eins.



Rammahús að verða fókheld.

Hönnuður rammahúsa BYKO er Magnús H. Ólafsson arkitekt FAÍ, sem kom til samstarfs við BYKO eftir að einn af hans viðskiptavinum kom í tímursölu BYKO og spurði hvað slíkur efnipakki mundi kosta eins og af sumarhúsi sem Magnús

hafði teiknað. Þetta vakti athygli sölumanna BYKO sem leiddi til þess að Magnús var kallaður á fund sem varð byrjunin á því farsæla samstarfi sem er í gangi í dag milli Magnúsar og BYKO.

Forsniðið efni í frístundahús

BYKO á húseiningaverksmiðju í Lettlandi og það vantaði verkefni fyrir hana. Fram til þessa hafði BYKO í Lettlandi selt hundruðir einingahúsa sem eru allmiklu dýrari en þau rammahús sem nú er verið að bjóða upp á.

Starfsmenn BYKO hafa um alllangt skeið hugleitt með hvaða hætti væri hægt að bjóða ódýrari frístundahús en til þessa hafa almennt verið á markaðnum. Í þeim var farið að huga að framleiðslu á forsniðnu efni til húsbygginga sem er mun ódýrari kostur en þau einingarhús sem áður var verið að framleiða hjá BYKO. „Hingað kemur ramminn að húsinu ásamt gluggum og hurðum og kaupandinn fær svo keypt allt efni til þess að reisa húsið og innrétta það að fullu. Grunnpakki að 32 fm húsi, sem inniheldur grind, glugga, hurðir, krossvið utan



„Eitt stykki rammahús,” pakki tilbúinn til afhendingar til kaupanda.

Burðarviður í húsin kemur tilsniðinn í réttum stærðum og lengdum ásamt festingum með greinargóðum leiðbeiningum en sperrur og gólfbitar koma samsett. Auk þess að geta fengið húsin í fjölmörgum stærðum þá er hægt að kaupa 3 mismunandi efnispakka fyrir hvert og eitt hús sem helgast þá af því hversu mikið eða langt er farið í byggingu sumarhússins.



Magnús H. Ólafsson arkitekt og Kjartan Long verkefnastjóri rammahúsanna við sýningarhúsið á starfssvæði BYKO í Breiddinni í Kópavogi.

á hús, klæðningu og þakfni kostar í dag 2.360.455 krónur eða um 73.764 kr/fm, en ef við bætist einangrun, panell, milliveggir, gólfefni, innihurðir, innréttingar og tæki í eldhús og það er verðið 3.855.916 krónur. Þetta er nýjung á markaðnum,” segir Kjartan Long sölumaður.

Hönnuður rammahúsanna, Magnús H. Ólafsson arkitekt FAÍ, segir að fyrsta húsið hafi risið austur á Fljótisdalshéraði sl. vor og það hafi gengið nánast snuðrulaust. Síðan hafa risið fimm hús til viðbótar, auk þess sem tvö hús munu rísa nú í nóvember. „Þetta hús fyrir austan er tæpir 50 fm að stærð, en slíkt hús kostar í dag með innréttingum og tækjum um 5 milljónir króna. Reikna má með að sökkklar og kostnaður við að reisa húsið sé um 2,5 milljónir króna. Það tók aðeins 10 daga að reisa það og svo skammur tími er auðvitað einnig

hluti af hagkvæmni þess að kaupa rammahúsin hjá BYKO,” segir Magnús H. Ólafsson.

Samþykkt deiliskipulag er forsenda

Aðstoðið þið kaupendur sem ekki eiga land eða lóð undir hús við að útvega eða finna heppilegan stað fyrir rammahús sem yrði keypt af ykkur?

„Nei. Það er forsenda fyrir lágu verði á þessum húsum að deiliskipulag fyrir það svæði þar sem það á að rísa liggja fyrir. Öll undirbúningsvinna og skipulag þarf að liggja fyrir staðfest af hálfu viðkomandi sveitarfélags. Við erum heldur ekki að fara inn á markað húsasmíðameistarara með því að sjá um grunn fyrir húsin eða ganga frá sökkklum og alls ekki að reisa húsin. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fékkst við að reisa fyrsta húsið höfum við

bætt og lagfært listann yfir það sem þarf til, s.s. fjölda og stærð af skrúfum og fleiru sem til þarf enda er það mjög tímafrekt og dýrt ef eitthvað vantar til þess að hægt sé að reisa húsið hratt og örugglega, og án nokkurra teljandi hnökra. Það er mikilvægt fyrir kaupandann fjárhagslega að húsasmíðameistarinn þurfi ekki að leggja á sig ferðalag í næstu byggingavörverslun til að nálgast það sem á vantar. Það kostar sitt,” segir Kjartan Long.

Magnús H. Ólafsson segir að BYKO hafi kynnt fyrir félagsmönnum í Ferðapjónustu bænda þennan möguleika og þegar hafi nokkrir ferðapjónustubændur komið og kynnt sér málið og sýnt þessum ódýra möguleika mikinn áhuga. „Ferðapjónusta bænda er ört vaxandi starfsemi og sá þáttur hennar að vera með lítil sumarhús sem eru búin öllum nauðsynlegum

þægindum fer stöðugt vaxandi. Auk þess er hægt að reisa þessi hús á afar skömmum tíma, eða 2 til 3 vikum.”

Fulleinangruð frístundahús


Eru rammahúsin heilsárshús?

„Þetta orð heilsárshús er rangyrði. Þetta eru fullleinangruð frístundahús. Með heilsárshúsi ertu að bera þessi hús saman við íbúðarhús í byggð en allt aðrar kröfur eru gerð til slíkra húsa samkvæmt byggingareglugerð. Til frístundahúsa eru ekki gerðar sömu kröfur í byggingareglugerð, t.d. hvað varðar stærð svefnherbergja og þau eru oft byggð á steyptum súlum en ekki á steyptri botnplötu,” segir Magnús H. Ólafsson.

Efnahagsvandi hefur steðjað að Íslendingum síðan árið 2008 sem ekki síst hefur komið niður

á byggingum á frístundahúsum. Er að ykkar mati að vakna meiri áhugi á að byggja svona hús sem þá bendir til þess að efnahagur margra landsmanna sé að batna?

„Það voru margir sem keyptu lóðir undir frístundahús fyrir upphaf kreppunnar en höfðu ekki aðhafst neitt, og því standa margar þessara lóða tómar í dag, þ.e. án sumarhúsa. Þetta framboð BYKO hefur kveikt áhugann hjá mörgum, enda eru flestir sem hyggja á byggingu sumarhúss að hugleiða verð á slíkum húsum. Slíkur hugsanagangur var vart þekktur fyrir upphaf efnahagskreppunnar hérlandis. Þá var oft bara keypt, algjörlega burtséð frá verði. Húsin okkar eru afar góður kostur fyrir þá sem nú hugsa sér til hreyfings og vilja byggja sumarhús,” segir Kjartan Long, sölumaður hjá BYKO.



Teikning af sumarhúsum eins og ein hugmyndin fyrir bændaþjónustu gæti litið út, húsin mynda lengju. Fremst er þjónustuhús. Minnsta einingin er 22,5 fm en til endanna eru stærri hús með tveimur svefnherbergjum.



Lýsingarhönnunateymi Verkís skipa þau Guðjón L. Sigurðsson rafmagnsiðnfræðingur og lýsingarhönnuður, Kristín Ósk Þórðardóttir rafmagnsverkfræðingur, Reynir Örn Jóhannesson tækniteiknari og lýsingarhönnuður og Rósa Dögg Þorsteinsdóttir innanhússarkitekt og lýsingarhönnuður.

LÝSINGARHÖNNUN ER BIRTINGARMYND LJÓSSINS

- og er þar bæði átt við dagsbirtu og rafmagnsbirtu

Verkfræðistofan Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræðiráðgjafar og skyldum greinum. Þar starfa rúmlega 300 manns að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis.

Verkís rekur uppruna sinn aftur til ársins 1932 og fagnar því 80 ára afmæli á næsta ári. Áratuga reynsla og þekking skilar sér til viðskiptavina í traustri og faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum lausnum.

Verkís hefur á að skipa mjög öflugum lýsingarhönnunateymi, en það skipa þau Guðjón L. Sigurðsson rafmagnsiðnfræðingur og lýsingarhönnuður sem hefur starfað við lýsingarhönnun í 24 ár. Guðjón er formaður Ljóstæknifélags Íslands, formaður fagráðs um lýsingarhönnun í Tækniskólanum og er faglegur meðlimur alþjóðlegu lýsingarsamtakanna „Professional Lighting Design Association“. Kristín Ósk Þórðardóttir er rafmagnsverkfræðingur, menntuð í Danmörku og er verðandi

vottunaraðili fyrir breska vottunarkerfið BREEAM sem er matskerfi fyrir vistvænar byggingar. Reynir Örn Jóhannesson er tækniteiknari og lýsingarhönnuður og hefur starfað hjá Verkís síðustu 13 árin. Reynir lærði lýsingarhönnun í Tækniskólanum. Rósa Dögg Þorsteinsdóttir lærði innanhússarkitektúr í Milánó á Ítalíu en eftir nokkurra ára starf sem innanhússarkitekt kláraði hún lýsingarhönnunarnám í Tækniskólanum og hóf störf hjá Verkís eftir það.

Verkís vann Norrænu Lýsingarhönnunarverðlaunin árið 2006 fyrir Lýsingarhönnun Lækningalindar Bláa Lónsins.

Lýsingarhönnun nýtur vaxandi athygli í nútíma þjóðfélagi og stöðugt fleiri gera sér það ljóst að jafnvel of mikil lýsing geta verið umhverfisspjöll og valdið ljósmengun. Með ljósmengun er átt við þau áhrif sem umhverfið verður fyrir af mikilli og óhóflegri lýsingu í næturmyrkri og verður

sýnilegt sem bjarmi yfir borgum. En hvað veldur ljósmengun? Algengasta orsök er slæmur frágangur á ljóssastæðum í götu- og veglýsingu og þegar ljósið fer til spillis við flóðlýsingu mannvirkja.

Byggingareglugerð tekur til ljósmengunar

Í væntanlegri byggingareglugerð hefur verið bætt við klausu um ljósmengun þar sem menn eru hvattir til að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum til að sporna gegn ljósmengun. Það skuli vera gert með því að tryggja að útilýsingu sé beint að viðeigandi svæði og gæta þess við uppsetningu og endurnýjun á götu- og veglýsingu að nota vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda þar af leiðandi minni glýju og næturbjarma.

Lýsingarhönnun er birtingamynd ljóssins

Hvað er lýsingarhönnun og hversu mikils virði er hún í byggingatækni í dag? Af hverju á yfirleitt að hugsa um lýsingarhönnun við

nýbyggingar eða við endurnýjun stærri bygginga eða stofnana. Margir telja enn að þetta sé fyrst og fremst verkefni rafvirkja, er ekki nóg að búa til perustæði og skrúfa síðan einhverja peru þar?

Guðjón L. Sigurðsson, sem jafnframt leiðir lýsingarhönnunateymi Verkís, segir að lýsingarhönnun sé birtingamynd ljóssins og það á bæði við um dagsbirtu og rafmagnsbirtu. Hlutverk lýsingarhönnuða er að vinna náð með og skilja óskir arkitekta og verkaupa, mæta kröfum um virkni og þægindi, uppfylla staðla og reglugerðir, velja búnað, reikna lýsinguna, skipuleggja uppröðun, uppsetningu og stýringar og gera kostnaðarútreikninga „Lýsingarhönnun er tvímælalaust vistvæn hönnun. Verkís veitir ráðgjöf vegna „architectural lighting“, en þar er m.a. átt við að nýta sér form mannvirkisins þannig að styrkur og eiginleikar ljóssins undirstriki formið og skapi rétta upplifun. Það miðast ekki bara við að lýsingin sé þægileg heldur ekki síður að hún þjóni sínum tilgangi. Stundum eru þægindin ekki tilgangur lýsingarinnar, t.d. í tannlæknastól eða á á skurðstofu sjúkrahúss, heldur þarf að huga að hvaða lýsing hentar best við þær aðstæður sem hún á að þjóna. Stundum þarf að skapa „agressívt“ andrúmsloft, eins og t.d. í yfirheyrslurými hjá löggreglunni. Lýsingarhönnun kemur oft á tíðum mjög seint inn í hönnunarferlið en mikilvægt er að koma að hönnunarborðinu í byrjun verks, mikilvægast er náð og gott samstarf við arkitekta og aðra hönnuði. Góð lýsingarhönnun eykur virði mannvirkja og stuðlar að bættri notkun“.

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir segir að við hönnun þurfi að huga að sjálfbærni. Sjálfbærni er skilgreint í þrjú jafna þætti, þ.e. félagslegur, umhverfis- og hagkvæmnisþáttur. Oft sé hugað um arðsemi lýsingar en hún skapast meðal annars af rekstri lýsingarkerfa. Alltof oft gerist það að þegar verktaki er að byggja sjálfur og hefur engan hag af því að ljósin séu hagkvæm í rekstri ræðst hans ákvörðun af stofnkostnaði og hvaða ljós eru ódýrust. „Við reynum hins vegar alltaf að fá viðskiptavininn og aðra sem koma að verkefninu að hugsa til lengri tíma, að skoðaðir séu kostnaðarliðir með tilliti til reksturs og sjálfbærni.“

Er vakning í þá átt í þjóðfélaginu að huga betur að lýsingu, ekki síst með tilliti til vistvænnrar notkunar?

Ýmsar alþjóðlegar viðurkenningar

Lýsingarhönnunateymi Verkís hefur hlotnast ýmsar viðurkenningar fyrir þá hönnun sem þar hefur verið unninn og ýmis erlend fagfólk, s.s. „Professional Lighting Design“, „Mondoarc“, „Lyskultur“, „Lys“, „L+D“ og „Lightlife“ hafa birt myndir af mannvirkjum þar sem lýsingarhönnun Verkís hefur notið sín og vakið alþjóðlega athygli. Í nýútkominni bók um norræna lýsingarhönnun, „Nordic Light – Interpretations in architecture“ á Verkís m.a. þrjú verk af þeim 28 sem eru í bókinni eða Bláa lónið, Snæfellsstofu, Hörputorg og bílastæðakjallari við Hörpu. Torgið við tónlistarhúsið Hörpu fékk ein af þrennum norrænu arkitektaverðlaununum sem afhent voru í Gautaborg fyrir skömmu en Verkís sá um lýsingarhönnun torgsins.



Brugðið á leik með litaskuggum af íslenskum LED lampu.



Nýbygging Háskólans í Reykjavík vekur athygli, ekki síst vegna lýsingarhönnunarinnar.

Guðjón segir að lýsingarteymi Verkís fái öðru hverju inn verkefni sem snúi að hönnun lýsingar fyrir einstaklinga en fyrst og fremst séu verkefni þeirra tengd stærri mannvirkjum. Viðhorf almennings mótist töluvert af auglýsingum frá framleiðendum eða umboðsmönnum þeirra og það verði oft að taka tillit til þeirra sjónarmiða. Margir arkitektar segja að lýsingarhönnun sé fjórða víddin í hönnun mannvirkja og með vaxandi áhuga verkkaupa hafi þáttur hennar aukist umtalsvert.

Ýmsar alþjóðlegar viðurkenningar

Eins og kemur fram hér til hliðar hefur lýsingarteymi Verkís fengið ýmsar viðurkenningar fyrir hönnun sína. Þau nýlegustu voru afhent í Gautaborg fyrir skömmu þegar torgið við tónlistarhúsið Hörpu fékk ein af þremur norrænu arkitektaverðlaunum. Landslag hannaði torgið í samstarfi við Batterið arkitekta og í samráði við Henning Larsen Architects og Ólaf Elíasson listamann. Verkfræðiráðgjöf var í höndum Verkís og Mannvits, en Verkís sá um lýsingarhönnun torgsins, hönnun rafkerfa og lagna svo sem snjóbræðslulagna.

Verkfræðistofan Verkís hefur einnig gefið út bækling um lýsingarhönnun þar sem birtar eru myndir af ýmsum verkefnum. Þar má nefna skrifstofur Straums við Borgartún og Norvikur á Bíldshöfða, bílaumboðið Öskju, áherslulýsingu á listaverk í garði listasafns Einars Jónssonar og á Stafkirkjuna í Vestmannaeyjum, skrautlýsingu á rafmagnsmastur skammt frá Straumsvík, bleika lýsingu fyrir Krabbameinsfélagið og lækningalind Bláa lónsins.

„Við erum markvisst að gera lýsingarhönnun að sérfagi og m.a. er ég í nefnd alþjóðasamtaka lýsingarhönnuða, PLDA, sem stefna að því að fá lýsingarhönnun viðurkennda á heimsvísu. Liður í því er að byggja upp nám við háskóla um allan heim og samræma menntun þeirra og námsskrár þannig að bæði fagið og námið verði viðurkennt. Ég tel að mjög stutt sé í að það takist en þetta starf er líka unnið í samvinnu við IALD, sem eru amerísk samtök lýsingarhönnuða og Evrópusambandið í formi reglugerða” segir Guðjón L. Sigurðsson.

Ljós og heilsa nátengd

Áður fyrr var lýsingarhönnun aðallega á verkswiði rafmagnshönnuða eða rafvirkja og þá kannski takmarkað tekið tillit til dagsbirtunnar og mikilvægi hennar í lýsingarferlinu öllu. Nú á allra síðustu tímum hefur hins vegar skapast rými til sérhæfingar lýsingarhönnuða sem kemur vegna þess að skilningur fer vaxandi á því í þjóðfélaginu að lýsing er mikilvæg og ekki er sama hvernig hún er hönnuð. Einnig er farið að gera kröfur um orkunýtni bygginga um að lýsingin fari ekki upp fyrir ákveðin vött á fermeter og ef það tekst ekki þá þarf að sanna hvernig hægt er að ná því til baka með ákveðinni stýringu. Í Evrópu er krafa um að í öllum byggingum 1.000m² eða stærri sé tekið tillit til þessara krafna.

„Það er líka að verða stöðugt ljósara að ljós og heilsa eru nátengd, því ljósið hefur mikil áhrif á líkamsklukkuna. Það er vísindalega sannað. Bláleitt ljós getur t.d. stuðlað að því að fólk sé meira vakandi, bláa ljósið er orkuríkara og mannsaugað því næmara fyrir því ljósi en öðru. Þessu er best lýst með vísun í dagsljósið og litbrigði þess, það er bláleitt þegar við vöknum á

morgnanna og rauðleitt þegar við leggjumst til rekkju á kvöldin. Það sama gerist með raflýsinguna, bláleitt ljós heldur okkur vakandi og rauðleita ljósið veitir ró og undirbýr okkur fyrir svefn. Við höfum verið að halda þessum vísindum nokkuð að okkar viðskiptavinum og að velja ljóslit í samræmi við notkun í rýmum, t.d. að nota frekar bláleitara, stundum kallað kalt ljós í skrifstofurýmum þar sem það hafi sýnt fram á að það auki afkastagetu. Kannski erum við að fara að vissu marki úr tækniöld inn í heilsuöld. Fyrir einni öld eða svo var það vísindalega sannað að ekki þurfti nema 30 lúx, sem er mælieining á ljósmagn, við lestur en í dag eru 500 lúx talin nauðsynleg samkvæmt stöðlum. Er þetta eðlileg þróun eða þarf að endurskoða staðla miðað við umhverfi okkar í dag þar sem lestur af upplýstum tölvuskjá er orðinn sífellt algengari” segja fjórmenningarnir í teyminu.

Það sem fyrir teyminu vakir er að kynna að þau mynda lýsingarteymi innan verkfræðistofunnar sem vinnur markvisst að því að auka veg lýsingar, enda sé lýsingarhönnun sérstakt fag í umhverfi sem gerir stöðugt kröfur um umhverfissvænna samfélag. Hópurinn hefur til

að mynda tekið að sér kennslu á námsbraut í lýsingarfræðum við Tækniskólann og áfanga í lýsingarfræði í meistaranámi við Rafiðnaðarskólann. Með þessu telur teymið að það sé að fylgja hugmyndafræði frá alþjóðlegri lýsingarráðstefnu í Madrid þar sem þátttakendur voru hvattir til að snúa aftur til náttúrunnar, velja gæði umfram magn, dreifa þekkingunni og upplýsa almenning.

Víðtæk starfsemi Verkís

Starfsemi Verkís skiptist í sjö svið, þar af fimm markaðssvið sem annast hvert um sig einn megin þjónustubátt verkfræðistofunnar, þ.e. vatnsorka og orkuflutningur en Verkís hefur í áratugi verið í fararbroddi við hönnun vatnsaflsvirkjana á Íslandi; jarðvarmi og veitur sem veitir alhliða verkfræðiráðgjöf vegna jarðvarmavirkjana og hitaveitna; umhverfi og framkvæmdir sem sérhæfir sig m.a. í hönnun samgöngumannvirkja sem og umhverfis-, öryggis- og heilbrigðisráðgjöf; byggingarsvið sem veitir alla tæknilega ráðgjöf sem lýtur að gerð bygginga; og iðnaðarsvið sem veitir hvers konar iðnfyrirtækjum alhliða þjónustu.

www.verkis.is



Lýsingin við sundlaugina á Hofsi er hönnuð af Verkís



VINNA FYRIR FJÖLDA HÖNNUÐA

GÁ húsgögn

GÁ húsgögn hafa rúmlega 30 ára reynslu af sérsmíði húsgagna auk þess að taka að sér verkefni tengd bólstrun. Þá er fyrirtækið í samvinnu við fjölda hönnuða og sérsmíðar jafnvel húsgögn eftir óskum einstaklinga. Hjá fyrirtækinu starfa fagmenn með mikla reynslu og er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð.

Grétar Árnason stofnaði GÁ húsgögn árið 1975 og er fyrirtækið eitt elsta húsgagnafyrirtæki landsins. Húsbóndastóllinn Kiwi var til dæmis lengi framleiddur og seldist vel og var það upphafið að framleiðslunni.

„Húsnæði fyrirtækisins hefur t.d. á síðastliðin 15 árum stækkað mikið og í dag er það um 700 fm,“ segir Erlendur Sigurðsson framleiðslustjóri. „Starfsmannafjöldi hefur aukist, verslun var opnuð fyrir nokkrum árum og var byrjað að selja þar framleiðslu fyrirtækisins í staðinn fyrir að selja þau í öðrum verslunum. Þá getur viðskiptavinurinn talað beint við þá sem smíða hlutina.“

Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á húsgögnum og bólstrun fyrir heimili, stofnanir, hótél og veitingahús. Lögð er áhersla á fagmennsku og hjá fyrirtækinu starfa fagmenn með mikla reynslu og menntun. Fyrir utan að smíða og bólstra húsgögn flytur fyrirtækið inn að mestu leyti aðföng þau sem notuð eru til framleiðslunnar svo sem leður, áklæði og svamp.

Í samstarfi við hönnuði

GÁ húsgögn eru í samstarfi við fjölda hönnuða og arkitekta sem annaðhvort láta fjöldaframleiða húsgögn fyrir sig hjá fyrirtækinu eða láta sérsmíða fyrir fyrirtæki, stofnanir, hótél eða einstaklinga. Lögð er áhersla á góða samvinnu og vandaða vinnu.

„Hönnuðirnir koma til okkar með teikningar svo sem af

sófum eða stólum. Starfsmenn GÁ húsgagna fara yfir þær með hönnuðunum og síðan smíðum og fylgjast hönnuðirnir síðan með ferlinu og að allt sé vel gert.

Stefnt er að því að framleiða vandaða og góða hluti sem eru samkeppnishæfir við erlenda vöru og þess vegna sækjast margir hönnuðir og arkitekta í að vinna með okkur.“

Á meðal nýjunga má nefna að GÁ húsgögn eru að fara að framleiða og selja „Sindra-stóllinn“ í samstarfi við ekkju og fjölskyldu hönnuðarins Ásgeirs Einarssonar. Sóló-húsgögn framleiðir grindina og íslensk gæra kemur frá Loðskinni.

Séróskir einstaklinga

Ekki finna allir í verslunum húsgögn að eigin smekk og koma einstaklingar reglulega og biðja um sérsmíði. „Fólk kemur jafnvel með tvær til þrjár myndir af til dæmis stól eða sófa sem það fann á netinu og vill jafnvel blanda áherslunum í þeim saman í einn stól eða sófa. Sumir hafa rissað upp hugmyndir. Það er gaman að því þegar fólk hefur ákveðnar skoðanir og segist ekki finna neitt í búðunum. Húsgagnabólstrarar hjá GÁ húsgögnum líta á myndir eða fara yfir riss og teikningar og er algengt að hægt sé að útfæra óskir viðskiptavinnanna með því að nota grunngrindur og útfæra síðan húsgagnið í samræmi við óskir þeirra.“

Einfaldleikinn

Starfsfólk GÁ húsgagna fer reglulega á sýningar erlendis til að skoða það nýjasta sem tengist t.d. áklæðum, verkfærum og saumavélum. „Við þurfum að velja fyrirtæki sem framleiða efni og áklæði til að flytja inn og fylgjumst með nýjungum til að sýna hönnuðum. Saumavélar skipta miklu máli í húsgagnabólstrun og reynum við að endurnýja þann tækjakost eins mikið og við getum.“



Erlendur segir það misjafnt eftir því hvort um til dæmis hótél eða einstaklinga er að ræða hvað einkenni efni og liti. „Einfaldleikinn og létt yfirbragð er vinsælla hjá einstaklingum en meiri litir og jafnvel mynstur sem í stíl sjöunda áratugarins eru vinsæl þegar kemur að hótél og veitingahúsum. Hönnuðir hafa jafnvel verið að koma með notuð húsgögn sem þeir láta gera upp á skemmtilegan hátt fyrir veitingastaði.“

Erlendur segir að meira sé að gera hjá hönnuðum

- og þar með GÁ húsgögnum - þegar kemur að hótélum og veitingahúsum heldur en hönnun fyrir einstaklinga; hann bendir á að nóg séu um erlenda ferðamenn

sem koma til landsins. „Það er heldur rólegra á heimilismarkaðnum heldur en var á góðæristímanum en þá sérhönnuðu hönnuðir til dæmis sófasett fyrir einstaklinga.“

Við tökum málin

í okkar hendur

Sérsmíðum húsgögn fyrir heimili og fyrirtæki



Gellir



Hnappur



Hreiður




Perla

Íslensk framleiðsla í yfir 35 ár



Ármúla 19
S: 553-9595
gahusgogn@gahusgogn.is
www.gahusgogn.is



NOTKUN UPPLÝSINGALÍKANA VIÐ MANNVIRKJAGERÐ

Building Information Modeling, eða BIM

Upplýsingalíkon mannvirkja er íslenska heitið á hugtakinu Building Information Modeling, eða BIM eins og það er oftast skammstafað. Þetta er aðferðafræði við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja þar sem hönnuðir setja upp rafræn, þrívíð og hlutbundin líkón af mannvirkjum. Við hvern byggingarhluta er síðan unnt að tengja ýmis konar upplýsingar um eiginleika hans. Upplýsingalíkanið gefur því raunsanna mynd af þeim einingum sem notaðar verða í mannvirkið sjálft. Á framkvæmdatíma nýta verktakar þær upplýsingar sem í líkaninu liggja og geta þeir m.a. tekið snið í mannvirkið hvar sem þeir kjósa, framkvæmt sértæka magntöluútreikninga og tengt tímaáætlun við einstaka byggingarhluta. Þegar framkvæmdum lýkur eru valdar upplýsingar úr líkaninu færðar yfir í svonefnt rekstrarlíkan sem auðveldar rekstraraðilum viðkomandi byggingar að fylgjast á kerfisbundinn hátt með t.d. viðhaldi á kerfum hússins.

Samþætting og samþæfing

Eitt af markmiðunum með notkun BIM er að samþætta hönnunarferli mannvirkja og samþæfa hönnunargögn betur til að auka gæði, nákvæmni og áreiðanleika þeirra. Allir aðilar verkefnis vinna með rafrænar samræmdar upplýsingar í sameiginlegu upplýsingalíkani. Þannig er mögulegt að hafa réttar upplýsingar á hverjum tíma aðgengilegar í heildstæðu, rafrænu umhverfi. Ljóst er að í þessu nýja vinnuferli felst veruleg breyting frá hefðbundnum aðferðum við hönnun. Einn helsti kostur BIM aðferðafræðinnar er að misræmi sem getur myndast milli fagaðila minnkar

verulega sem aftur leiðir af sér nákvæmari hönnunargögn með færri mistökum og lægri byggingarkostnaði fyrir verkkaupa. Magnskrár verða nákvæmari, hönnunargögnin skýrari og óvissuþáttum fækkar.

Hvers vegna þarf breytingar?

Kannanir sem gerðar hafa verið víða um heim á undanförunum árum og áratugum hafa sýnt að framleiðni í byggingariðnaði hefur almennt verið mun minni en í öðrum sambærilegum framleiðslugreinum. Til að breyting geti orðið á þessu og að aukin framleiðni og gæði náist þarf að verða grundvallarbreyting á aðferðafræði alls ferilsins. Litið er til BIM aðferðafræðinnar sem verulegs framlags í þessu efni. Á Vesturlöndum hafa opinberir verkkaupar í Bandaríkjunum, Finnlandi, Noregi, Danmörku og Hollandi tekið forystu í þróun, stöðlun og innleiðingu á BIM, en einnig hafa aðilar á einkamarkaði í ýmsum löndum innleitt þessa aðferðafræði í sínum verkum. Utan Vesturlanda hafa t.d. Ástralía, Nýja Sjáland og Singapore verið virk í innleiðingu á BIM aðferðafræðinni.

Samstarfsvettvangur

Í ágúst 2007 var formlega stofnaður „Þróunarvettvangur á sviði mannvirkjagerðar“ (Icelandic Construction Technology Platform, ICTP). Vefsetur Þróunarvettvangsins er hýst hjá Mannvirkjastofnun (www.mvs.is/ICTP). Í framhaldinu var settur á fót vinnuhópur, BIM Ísland, í þeim tilgangi að kanna nánar kosti og galla þessarar nýju aðferðafræði og stýra innleiðingu hennar á Íslandi. Í mars 2009 var ráðinn starfsmaður til tveggja ára, Haraldur Ingvarsson arkitekt, til að leiða starfið.

Þátttakendur í BIM Ísland verkefninu og fjárhagslegir bakhjarlar þess eru eftirfarandi:

- Fasteignir ríkissjóðs (FR)
- Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR)
- Íbúðalánasjóður (ÍLS)
- Landsnet (LN)
- Landsvirkjun (LV)
- Mannvirkjastofnun (MVS)
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI)
- Orkuveita Reykjavíkur (OR)
- Reykjavíkurborg, Framkvæmda- og eignasvið (RVK)
- Samtök iðnaðarins (SI)

Stjórn BIM Ísland skipa nú:

- Óskar Valdimarsson, formaður (FSR)
- Guðni Guðnason (NMI)
- Hannes Frímann Sigurðsson (OR)
- Rúnar Gunnarsson (RVK)
- Vigfús Halldórsson (FR)

BIM Ísland – Stefna og markmið

Stjórn BIM Ísland hefur sett innleiðingarverkefninu eftirfarandi stefnu og markmið:

- að innleiða notkun samþæftra upplýsingalíkana við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur opinberra mannvirkja á Íslandi til að auka gæði hönnunar og nákvæmni upplýsinga um mannvirkið og ná með því lægri byggingar- og rekstrarkostnaði
- að innan fárra ára verði það meginregla að nota BIM við byggingu allra stærri opinberra mannvirkja á Íslandi. Á sama hátt munu aðrir framkvæmdaðilar hvattir til að taka þessa aðferðafræði upp í auknum mæli.
- BIM Ísland gerir ráð fyrir að skilakröfum á upplýsingalíkönunum verði stillt í hóf í upphafi en kröfurnar auknar jafnt og þétt eftir því sem reynslan eykst.

Starfsemi BIM Ísland

BIM Ísland hefur síðastliðin tvö ár unnið ótulllega að því að kynna sér þróunina í öðrum löndum og koma því á hugaverðasta á framfæri héraðs. Sóttar hafa verið ráðstefnur og fundir um BIM og stjórnin hefur haldið yfir 40 fundi þar sem málin hafa verið krufin til mergjar og línurnar lagðar.


Á þessum tíma hafa verið haldnar um 40 kynningar og fyrirlestrar og svipaður fjöldi funda á stofum arkitekta og verkfræðinga. Haldnir voru 12 fyrirlestrar á þremur mismunandi áherslusviðum BIM auk þess sem fyrirlestrar voru haldnir hjá LISU samtökunum, Skipulagsstofnun, Brunamálastofnun, Landmælingum Íslands, Samtökum Byggingarfulltrúa, Íbúðalánasjóði, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Lista-háskólanum og Fasteignaskrá Íslands.

Þá hafa verið haldnar 5 ráðstefnur og einar tveggja daga vinnubúðir um BIM, þar sem hönnuðir í byggingariðnaðinum gátu skoðað helstu forritin sem notuð eru við gerð BIM líkana á Íslandi auk þess sem fyrirlestrar voru haldnir.

All breiður hópur mætti í þessar vinnubúðir, bæði arkitektar, verkfræðingar og tæknifræðingar auk nema úr háskólunum og fulltrúar verkkaupa og var húsfullir báða dagana. Að auki hafa stjórn BIM Ísland og starfsmaður samtakanna haft aðkomu að um 10 leiðsöguverkefnum, skrifað blaðgreinar og gefið út kynningarbæklinga.




Sett var upp vefsíðan www.bim.is sem er vistuð hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Á henni eru ýmis konar upplýsingar varðandi BIM og meðal annars er þar að finna 4 blaðsíðna bækling sem nefnist BIM fyrir byrjendur. Hluti af vefsíðunni er umræðusvæði (BIMWiki) þar sem hægt er að koma spurningum á framfæri og hefja umræður um málefni tengd BIM.

Gefin hafa verið út fjögur fréttabréf BIM Ísland sem eru á vefsíðunni en auk þess voru þau send út rafrænt samkvæmt póstlista. Í fréttabréfunum er rakið það sem var á döfinni hverju sinni og sagt frá þeim



Hús íslenskra fræða

Klettaskóli Arkitektastofan
OG ehf., Mannvit hf., Verkís hf. og
Efla ehf. Verkkaupi: Reykjavíkurborg,
Framkvæmda- og eignasvið



Sjúkrahótel NLSH (frumhönnun) / Spítal ehf.
Verkkaupi: Nýr Landspítali ohf.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ / AF arkitektar ehf. og Almenna verkfræðistofan hf.
Verkkaupi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mosfellsbær

sem nýttu sér aðferðafræðina og verkefnum þeirra. Fjallað var um leiðsöguverkefni (pilot projects) sem bakhjarlar BIM Ísland höfðu komið af stað.

Stjórnin taldi mikilvægt að til væri almennt aðgengilegt rit á íslensku um BIM aðferðafræðina og því var ákveðið að láta þýða þýska bók um þetta efni. Í henni er gefin innsýn í aðferðafræðina og sýnt hvernig upplýsingalíkanið er byggt upp í mismunandi forritum. Bókina má nálgast á vef BIM Ísland: www.bim.is

Skilalýsingar

Framsetning á almennum skilalýsingum (requirements) BIM líkana fyrir íslenskan markað hefur verið á dagskrá hjá stjórninni frá því að innleiðingarverkefnið hófst. Settur var á fót fjölbreyttur hópur

fagaðila til að skoða skilalýsingar sem gefnar hafa verið út í öðrum löndum. Niðurstaðan varð sú að skrifa ekki sérstaka skilalýsingu fyrir Ísland, heldur fá leyfi fyrir því að taka upp skilalýsingu Senate Properties í Finnlandi, sem er systurstofnun Framkvæmdasýslu ríkisins og Fasteigna ríkissjóðs. Skilalýsingin er í 9 bindum, en fjalla mun um BIM og rekstur fasteigna, verði gefið út árið 2012. Einnig hefur verið ákveðið að ný og endurskoðuð útgáfa af skilalýsingunum komi út árið 2012 og að sú útgáfa muni gilda fyrir finnska markaðinn í heild sinni. Stjórn BIM Ísland ákvað að skilalýsingin yrði ekki þýdd á þessu stigi, heldur yrði tekin upp enska útgáfan af henni. Skilalýsingin, með inngangsorðum stjórnar BIM

Ísland, er aðgengileg á vefnum: www.bim.is.

Áhrif BIM á hönnunarferlið

Almennt má skipta hefðbundnu hönnunarferli bygginga niður í nokkur afmörkuð stig þar sem sú vinna sem fer fram á hverju stigi er skýrt afmörkuð og aðkoma mismunandi aðila er þekkt og skilgreind. Ákveðin hefð hefur myndast við hönnun bygginga í 2D CAD tölvustuddu hönnunarumhverfi, t.d. á hvaða stigi ákvarðanir með mismunandi vægi eru teknar. Reynslan sem fengist hefur í BIM leiðsöguverkefnum er að á hinu hefðbundna hönnunarferli hefur orðið meiriháttar breyting og að nauðsyn er á nánara samstarfi fleiri aðila en áður tíðkaðist fyrr í hönnunarferlinu.

Það er ljóst að BIM aðferðafræðin hvetur til agaðri

vinnubragða en áður og ríkara samstarfs hönnuða, en einnig á milli hönnuða og verkkaupa. Umskiptin frá því að vinna í hinu tvívíða umhverfi yfir í umhverfi hlutbundinna upplýsingalíkana eru umtalsverð, enda vinnulagið og hugsunarhátturinn allur annar. Það er almenn reynsla hönnunarteyma sem skipt hafa yfir í hugmyndafræði BIM að þessi aðferð hafi víðtæk áhrif á flesta þætti hönnunarferilsins. Samskipti aðila eru með öðrum hætti en áður hefur tíðkast, umgengni um og meðhöndlun gagna er önnur sem og uppbygging verkferla. Ákvarðanatáka, bæði verkkaupa og hönnuða, er með öðrum hætti og á sér stað mun fyrr ferlinu.

Gæði og samræming gagna

Áður hefur komið fram að eitt af meginmarkiðum BIM

er að auka öryggi og gæði gagna á hönnunarstiginu og þannig stemma stigu við þeim auka kostnaði sem oft verður til við mannvirkjagerð vegna galla á hönnunargögnum. Þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við vinnslu BIM líkana leiða af sér aukinn aga og nákvæmni sem eitt og sér eykur gæði gagna umtalsvert. Annar mjög veigamikill þáttur snýr að samræmingu gagna innbyrðis og uppfærslu þeirra, en allar upplýsingar uppfærast sjálfkrafa þegar breyting er gerð á einhverjum stað í líkaninu. Í BIM leiðsöguverkefnum hefur þetta verið sannreynt bæði hvað varðar innbyrðis samræmingu líkans viðkomandi hönnuðar sem og sjálfkrafa uppfærslu upplýsinga innan líkansins.




Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð / Studio Strik - arkitektar ehf. og VSÓ ráðgjöf ehf. Verkkaupi: Velferðarráðuneytið og Fjarðabyggð



Metanólverksmiðja í Svartsengi / Arkís arkitektar ehf. og Mannvit verkfræðistofa hf. Verkkaupi: Carbon Recycling International ehf.



Metanólverksmiðja í Svartsengi



Háskólinn í Reykjavík/ Arkís arkitektar ehf. og Mannvit verkfræðistofa hf. Verkkaupi: Fasteign ehf.

Reynsla sem fengist hefur í þessum verkefnum hefur sýnt hvaða ótvíræðu kosti þetta hefur í för með sér hvað varðar tímasparnað en fyrst og fremst hvað varðar sjálfkrafa samræmingu gagnanna innan líkansins.

Fyrirsjáanlegar breytingar á fleiri sviðum

Eins og komið hefur fram í þessari grein veldur innleiðing BIM aðferðafræðinnar töluverðum breytingum á verklagi við undirbúning, hönnun og

byggingu mannvirkja. Leiða má líkur að því að með þessu breytta verklagi verði þróun í forsagnargerð verkkaupa á þann hátt að henni verði skipt í tvennt. Fyrri hlutinn er þá unninn áður en samningur er

gerður við hönnunarteymið, og er grundvöllur samningsins, en síðari hlutinn yrði síðan unninn í upphafi hönnunarteyminnar í samvinnu við hönnunarteymið.

Þá liggur fyrir að tilvist upplýsingalíkana á forhönnunarstigi auðveldar ýmsa útreikninga og greiningar er meðal annars tengjast vistvænni hönnun. Má þar til dæmis nefna orkuútreikninga og dagsbirtugreiningar. Því má ætla að tilkoma BIM aðferðafræðinnar muni á komandi árum auðvelda, og þar með ýta undir, vistvæna hönnun bygginga á Íslandi.

Ekki er síður mikilvægt að endurskoða þá verkferla sem unnið er eftir þegar kemur að skilum

á fullbyggðum mannvirkjum til notenda, en þar hefur til langs tíma skort verulega á ögun hvað varðar upplýsingagjöf, handbækur og reyndarteikningar. Gera þarf til dæmis ráð fyrir meiri tíma til viðtökuþrófana og kennslu á kerfi viðkomandi byggingar áður en hún er tekin í notkun. Tilvalið er að taka til hendinni á þessu sviði á sama tíma og öðrum verkferlum er breytt til samræmis við aðferðafræði BIM.


Að lokum má benda á að upptaka á BIM aðferðafræðinni kallar á að mjög fljótlega verði tekin ákvörðun um eitt flokkunarkerfi á Íslandi og mun stjórn BIM Ísland hafa forgöngu um að svo verði.

ÁLYKTUN STJÓRNAR BIM ÍSLAND 2011


Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur með leiðsöguverkum í notkun BIM á Íslandi, til viðbótar við þá reynslu sem fengist hefur erlendis í sambærilegum verkefnum, telur stjórn BIM Ísland að svo mikil reynsla og þekking liggi nú fyrir á þessari aðferðafræði að eðlilegt sé að gera eftirfarandi ályktun:

- Upplýsingalíkon mannvirkja (Building Information Modeling, BIM) eru mikilvægt framlag til aukinnar framleiðni og gæðatryggingar í byggingariðnaði.
- Sýnt hefur verið fram á það með fjölda raunverulegra dæma að með þessari aðferðafræði megi ná fram sparnaði við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja.

- Mikilvægt er að við skil á líkönum sé unnið eftir opnum BIM samskiptastöðlum og er áhersla lögð á að miðað sé við hinn alþjóðlega IFC samskiptastaðal.
- Opinberir verkkaupar sem og aðrir framkvæmdaáðilar eru hvattir til að kynna sér þessa aðferðafræði og innleiða hana í verkum sínum á komandi árum.
- Lögð er áhersla á að á Íslandi verði sameinast um einn grunn fyrir BIM skilalýsingar og að til grundvallar verði lagt ritið: „BIM Requirements“ sem gefið er út af Senate Properties í Finnlandi.



Hús íslenskra fræða



Vandkraftværk ved Ilulissat / Verkis hf., VA arkitektar ehf., Landark ehf. og Efla ehf. Verkkaupi: Ístak / Nukissiorfiit - Grönlands Energiforsyning



ÖRUGG VARSLA GAGNA

Gagnavarslan ehf.

Gagnavarslan ehf. er þekkingarfyrirtæki á sviði upplýsingastjórnunar með tæplega 50 sérfræðinga í tveimur löndum. Starfsemin skiptist í 3 megin svið; ráðgjafasvið, hugbúnaðarsvið og vörslusvið. Hjá fyrirtækinu starfar flottur hópur sérfræðinga á sviði; upplýsingatækni, skjala- og upplýsingastjórnunar, breytingastjórnunar, gæða- og öryggismála, ferlagreininga, verkefnastjórnunar, skönnunar og skráningar, prentþjónustu, vörslu á pappírsgögnum auk meðhöndlun rafrænna gagna.

Í nútíma þjóðfélagi er gagnamagn alltaf að aukast og til að ná stjórnun á þessu mikla magni upplýsinga þarf að innleiða rétt verklag og nýta sér öflugar hugbúnaðarlausnir sem nýta nýjustu tækni. Þetta veit Brynja Guðmundsóttir vel en hún lét gamlan draum rætast í lok ársins 2007 og stofnaði fyrirtækið Gagnavörsluna sem hefur það að markmiði að bjóða ýmsum aðilum upp á heildarlausn á skjala- og upplýsingastjórnun auk þess að ferlagreina starfsemi með það að leiðarljósi að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri.

Gagnavarslan hefur þróað fjórar hugbúnaðarlausnir sem allar eru á sviði upplýsingastjórnunar og byggjast á nýjustu tækni. Í fyrsta lagi má nefna CoreData ECM sem er öflugt upplýsingastjórnunarkerfi, í öðru lagi CoreData Claim - kröfukerfi

fyrir slitastjórnir/skiptastjóra, CoreData Boardmeeting - vefgátt fyrir stjórnarfundum og að lokum CoreData Virtual Data Room - rafrænt gagnaherbergi.

CoreData ECM býður upp á stjórnun upplýsinga frá því þær verða til og þar til þeim er eytt. Þar eru notendavænleiki, rekjanleiki, öryggi og nýjasta tækni höfð að leiðarljósi. Með innleiðingu á CoreData er svarthol fyrirtækja (sameiginlegu drifin) úr sögunni, en þau fara inn í hugbúnaðinn. Í CoreData er boðið upp á stjórnun á tölvupóstum þar sem samskiptaþræðir haldast. Vefgáttir sem auðvelda og auka öryggi vegna vinnu með ytri aðilum er hluti af hugbúnaðinum og heldur utanum gögn þessara aðila. Einnig fara ferlar inn í kerfið, útgáfustýring er á upplýsingum, dulkóðun og utanumhald verkefna auk verkbeiðna. Mikilvægasti eiginleiki CoreData er þó hversu notendavænn hugbúnaðurinn er og ótrúlega öflugir leitarmöguleikar. Mjög auðvelt er að læra á hugbúnaðinn og lögd er áhersla á það að hafa skráningu auðvelda og sem minnsta. Auðvelt er að samþætta hugbúnaðinn við aðrar hugbúnaðarlausnir innan fyrirtækja. Ekki þarf að kaupa kerfið heldur er leigður aðgangur að kerfinu/þjónustunni (SaaS-Software as a Service) og í þjónustunni er m.a. innifalið; hugbúnaðurinn, uppfærslur,

vinna við uppfærslur, vélbúnaður, stýrikerfi, rekstur kerfis og afritun.

CoreData ECM hentar öllum atvinnugreinum, og er notaður bæði stór og lítil fyrirtæki.

Öflugur hópur á hugbúnaðarsviði vinnur eftir mjög metnaðarfullri útgáfuáætlun þar sem fjöldi nýjunga eru á döfinni, sem eru margar bylting fyrir þá sem hafa verið að vinna í hefðbundnum skjala- og upplýsingastjórnunarkerfum. Hugbúnaðurinn er aðgengilegur í gegnum spjaldtölvur og smartsíma.

Öflugt ráðgjafasvið með sérfræðinga á sviði skjala- og upplýsingastýringar, ferlagreininga, gæða- og öryggismála, breytingastjórnunar, verkefnastjórnunar, upplýsingatækni.

„Markmið ráðgjafanna er að aðstoða viðskiptavinum við að auka skilvirkni innan fyrirtækisins sem og að ná hagræðingu í rekstri með aukinni yfirsýn,” segir Brynja. Þetta er gert með því að byggja upp öflugt stjórnkerfi hjá fyrirtækjum með einfaldleikann að leiðarljósi. Rannsóknir sýna að 10-50% af tíma starfsmanna fer í leit að gögnum eða óþarfa skráningu og er því til mikils að vinna. En jafnframt með því að greina ferla með það að markmiði að byggja upp þekkingarstjórnun, samræma vinnubrögð, einfalda og auka skilvirkni. Þá hefur fyrirtækið

bæði kennt verkefnastjórnun, þjálfað verkefnastjóra og verið verkefnastjórar fyrir viðskiptavinum. Ráðgjafar hafa einnig tekið að sér að vera skjalastjórar eða gæðastjórar fyrir fyrirtæki og er mjög mikil hagvæmni sem í því. Þá hefur Gagnavarslan tekið að sér að flytja fyrirtæki og stofnanir og sjá þá um allt er tengist flutningunum frá A-Ö. Sérfræðingar ráðgjafasviðs hafa breytingastjórnun að leiðarljósi í allri sinni vinnu.

Vörsluhúsnæði Gagna-vörslunnar : Varsla efnislegra skjala, muna, listaverka og menningarminja auk skönnunar og skráningar.

Gagnavarslan er staðsett á gamla varnarsvæðinu, Ásbrú í Reykjanesbæ og nýtur þar af leiðandi þess frjóa andrúmslofts sem uppbygging á svæðinu hefur upp á að bjóða að mati Brynju, sem segir áhuga á að taka þátt í slíku umhverfi hafa ráðið staðsetningu fyrirtækisins. „Styrkleiki okkar felst í að bjóða upp á allt sem viðkemur geymslu og vörslu skjala og upplýsinga stórra og smárra aðila, hvort sem um er að ræða rafræn eða efnisleg gögn. Gagnavarslan rekur stórt húsnæði á gamla varnarsvæðinu til geymslu skjala en einnig til geymslu ýmissa muna, listaverka og menningarminja. Um er að ræða sérhæft húsnæði sem hefur að geyma fullkomið öryggis- og brunakerfi. „Ef fyrirtæki óskar

eftir þjónustu okkar þá sjáum við um að pakka skjölunum og setja þau síðan í geymslu eftir ströngu ferli, sem inniheldur til dæmis stríkamerkingu á öllum gögnum. Ef aðila í viðskiptum við okkur vantar skjöl, þá getur hann nálgast þau eftir þremur leiðum; hann getur í fyrsta lagi fengið þau send rafrænt eftir að við höfum skannað þau inn og dulkóðað, í öðru lagi er ávallt sendibíll á okkar vegum á ferðinni sem getur keyrt með gögnin til viðkomandi og að lokum er ávallt hægt að koma hingað til okkar og ná í þau,” segir Brynja. „Við bjóðum einnig upp á vörslu alls kyns menningarminja og listaverka en til þess erum við um þessar mundir að byggja upp sérvörslu fyrir söfn og höfum við frábæran safnafræðing í vinnu við það verkefni.” Fyrirtæki geta einnig sótt alla þá þjónustu sem viðkemur skjölunum sjálfum til Gagnavörslunnar, til að mynda prentþjónustu og skönnun en til slíkra verkefna keypti Gagnavarslan prentfyrirtækið Aðstoð. Gagnavarslan er með frábæra sérfræðinga í skönnun og skráningu gagna, hvort sem um er að ræða hefðbundin skjöl, microfilmur, fundagerðarbækur, teikningar eða annað. Einnig er hægt að fá öll skjöl og gögn flokkuð og skráð eða eytt ef þess er þörf.

Nánari upplýsingar um Gagnavörsluna má finna á vefslóðinni gagnavarslan.is.

BÓKIN SEM KOM EKKI ÚT

Kleopatra Kristbjörg

Gefnar hafa verið út fimm bækur eftir Kleopötru Kristbjörgu. Þá er í þágunum að skrifað verði kvikmyndahandrit eftir einni bókanna. Áfangastaður: Hollywood. Kleopatra á nær fullbúið handrit - sú bók átti að koma út þetta árið. En það var eitthvað í veginum.

Kleopatra Kristbjörg er ein glæsilegasta kona landsins en ólíkt öðrum glæsikonum þá virðist hún ekki spá mikið í útlit né annan hégóma. Hún er kraftmikil kona og mikill byltingarsinni og það virðist eiga hug hennar allan.

Fyrsta bók Kleopötru Kristbjörgu kom út árið 2005; það var bókinn Daggardropar. „Bókin er komin með umboðsmann sem hafði einhvern volgan sem vildi koma henni inn í Hollywood,“ segir Kleopatra Kristbjörg. „Þetta er í skoðun.“

Rithöfundurinn segir að bókin fjalli um sín fyrri líf. „Einhverjum úti fannst þetta spenannandi; nýtt viðfangsefni. Þetta er óþægður akur.“

Hermikrákuheimur kom út ári síðar en búið er að gefa báðar bækurnar út í Bandaríkjunum.

Hermukrákuheimur hefur reitt marga til reiði. „Hún er ekki bara andleg heldur líka ádeila á samfélagið og heiminn.“

Svo árið 2008 kom út bókin Þá var gott að deyja sem er sjálfsett framhald bókanna Daggardropar. „Hún er um eitt líf í viðbót. Þetta eru líf sem ég hef upplifað sjálf. Þetta kemur til mín í gegnum drauma eða einhverju dulvitundarstigi var mér sagt. Þegar mig dreymdi þetta þá skrifaði ég draumana niður þegar ég vaknaði; þetta kom í mörgum bútum.“

Vetrarnótt kom líka út árið 2008. Sú bók er barnabók. „Þetta er bók eins og góðu barnabækurnar voru í gamla daga. Eins og litla stúlkan með eldspýturnar. Slíkar bækur sem fengu börn til að tengjast hjartanu í sjálfu sér, efla kærleikann og trú á guð. Börn hafa gott af því að lesa svona bækur en ekki þetta bull sem


sumar barnabækur eru í dag sem fjalla t.d. um talandi bíla sem gerir börn heimsk og fyllir þau ranghugmyndum. Börn hafa gott af að kynnast sársaukanum og erfiðleikunum því þannig er lífið. Í dag eru börn illa uppalin því foreldrarnir vilja bara að þau hlæi en mega alls ekki gráta.“

Þá var það bókin Biðukollur útum allt sem kom út í fyrria en bókin er með sannsögulegu ívafi. „Hún vakti mikla aðdáun hjá mörgum en svo voru margir ofsalega reiðir. Ég viðurkenni að sú bók er skeflilega gróf en þetta ógeðslega í bókinni er sannleikur.“

Alkóhólismi

Kleopatra Kristbjörg segist alltaf hafa verið á móti því að segja frá sjálfri sér; hvað þá að skrifa um lífsreynslu sína. Hún segir að það hafi verið vegna fjölda áskorana sem hún hafi ákveðið að skrifa um erfiða reynslu sína sem tengist kynni sínum af alkóhólistum. „Ég ákvað líka að skrifa bókina vegna þess að ég hef mikinn áhuga á mannfólkinu og mér finnst heimurinn svo sjúkur. Ég ætlaði að láta gefa bókina út í haust og var nánast búin með uppkastið en þegar ég las það yfir fannst mér það svo hrikalega skelfilegt. Fólk getur hagað sér eins og skepnur en alkóhólismi getur staðið á bak við það.“

Alkóhólismi sem ég skrifaði um í bókinni grátbað mig um að gefa ekki út þessa bók því það sem ég skrifaði um hann myndi leggja líf hans í rúst. Hann bað mig um að breyta nafni sínu og öllu um sig en ég vissi að ég yrði þá að breyta öllu öðru líka. Ég byrjaði á því en sá starx að það yrði svo mikil vinna að fjótlegra yrði að skrifa nýja bók en nennti því ekki. Hafði engan tíma í það. Þess vegna hef ég bara þess bók á „hold“ og skoða það á næsta ári hvort hún komi út næsta haust. Mig langar ekki að leggja líf þessa manns í rúst né nokkurs annars. Aumingjadómurinn er nægilegur hjá þessu vesalings fólki svo ég fari nú ekki að bæta þar á. Því er best að nafngreina engan ef ég kem með þessa bók.





Ég fékk mikinn áhuga á þessum sjúkdóm og þekki marga sem hafa orið fyrir barðinu á alkóhólistum en alkóhólistar hafa lagt líf margra sem ég þekki gjörsamlega í rúst. Ég skrifaði svolítið um alkóhólisma í Biðukollunum en ég vildi vekja fólk til umhugsunar um hvað

þetta er mikið böll. Ég vara fólk við því að tengjast alkóhólistum. Það eru svo margir sem vita ekki hver sjúkdómurinn er og margir fara í samband með alkóhólista - fólk veit kannski að manneskjan er alki en það veit ekki hvað er á bak við þetta orð. Ég verð að skrifa um þetta og vara fólk við.

Ég útskýri líka fyrir fólki hvað það er að vera alkóhólismi.“

Hún hefur skrifað um fyrri líf, andleg málefni og alkóhólisma. Hvað einkennir Kleopötru Kristbjörgu sem rithöfund? „Ég er ægilega beinskeytt. Ég vil bara koma því á framfæri sem ég vil segja og ég eiginlega tala við fólk í bókunum.“





STÓLAÐU Á OKKUR

EG skrifstofuhúsgögn:

Góð skrifstofuhúsgögn eru skilyrði fyrir góðu starfsumhverfi og ánægðum starfsmönnum

Fyrirtækið EG Skrifstofuhúsgögn var stofnað í apríl 1996. Eigendur eru hjónin Einar Gylfason og Sigríður Magnúsdóttir. Fyrirtækið flutti í eigið 400 m² húsnæði að Ármúla 22 í október 2003 og um leið var nafni þess breytt í EG Skrifstofuhúsgögn sem lýsir betur vöruvali þess. Markmið EG Skrifstofuhúsgagna er að sjá fyrirtækjum fyrir húsbúnaði og að hafa afgreiðslutíma stuttan og þjónustuna góða auk þess sem vörur séu smekklegar. traustar og

á hagstæðu verði. Boðið er upp á teikniþjónustu án endurgjalds og felur það í sér að sölumaður kemur og máltekur, teiknar og gerir fast og bindandi tilboð miðað við uppsett húsgögn. Einnig er hægt að fá skrifborðsstóla lánaða til prufu í viku án skuldbindinga. Fyrirtækið býður fyrst og fremst upp á fjölbreytt úrval stóla, skrifborða, skápa, skermveggja auk tafna.

Þið hafið allt frá upphafi lagt áherslu á að vera með vörur sem viðskiptavininum líður vel í, á eða við, þ.e. hvort sem um setið er í stólum eða setið við borð. Hefur það verið svoltið vörumerki fyrirtækisins?

„Já, við hugsum mikið um það, að vörurnar passi inn í það umhverfi eða húsnæði þar sem á að nota þær og vinnuástaðan sé þægileg, góð og heilsuvæn. Þeir stólar sem við erum að selja eru markaðssettir sem slíkir stólar, þ.e. miðað við heilsuvænar lausnir, en séu jafnframt góð, traust og sterk vara. Norsku stólarnir frá HÅG eru með 10 ára ábyrgð og það er eilífðarábyrgð á hæðarpumpum stólanna og flest skrifborðanna bera 5 ára ábyrgð, en þau koma frá Póllandi og Spáni.

Ég fer á vörusýningar og fylgist með markaðnum og hef náð þeim samböndum sem ég hef gegnum slíkar sýningar. Ákveðnar sýningar eru leiðandi í skrifstofuhúsgögnum, einna helst í Þýskalandi. Nú eru vörur frá Kína að flæða inn á markaðinn en gæði þeirra stenst engan samanburð við það sem við þekkjum frá evrópskum fyrirtækjum. En vissulega er þetta ódýr vara, og einhverjir horfa til þess. Ég læt mína viðskiptavinum alltaf vita af því að þeir séu að

kaupa vöru frá Kína, gæðin séu oft ekki í samræmi við útlit vörunnar. Ég vil frekar missa viðskipti eða viðskiptavinum fremur en að hann verði óánægður með þá vöru sem hann er að kaupa hér hjá okkur. Ef viðskiptavinur er t.d. að kaupa skrifborðsstól spyr ég undantekningalaust hvornig á að nota hann og hvar. Sölmennska er ekkert annað en þjónusta.”

Stólarnir frá HÅG framkalla nauðsynlegt blóðflæði hjá þeim sem hann notar

Kemur fólk hér inn vegna þess að það er slæmt í baki og vantar stól sem hentar því vegna þess?

„Já, hingað koma margir á þeim forsendum. Hingað kemur líka fólk sem er sent hingað af sjúkraþjálfurum, og við höfum líka verið hér með fyrirlestra hér í versluninni og verið þar með þekkta fyrirlesara á sviði sjúkraþjálfunar.”

Einar Gylfason segir stólana frá HÅG vera umhverfisvæna. Eftir t.d. 15 ár þegar stólum er hent verður eigandinn að greiða förgunargjald og það byggist á efninum sem í hann eru notuð. Hægt er að taka stólinn í sundur og flokka efnið úr honum, t.d. málma, plast og fleira svo mest af efniinu í stólunum er endurnýtanlegt, eða allt að 98%. Hluti af stólunum sem framleiddir eru í dag eru endurunnu efni, t.d. er skelin inni í stólunum unnin úr flöskutöppum. Tekið er við gömlum stólum þegar keyptur er nýr stóll, hann tekinn í sundur og sendur í endurvinnslu.

„Stólarnir eru hannaðir með það fyrir augum fyrst og fremst að þeim sem í honum situr líði vel, blóðflæði um líkamann sé gott sem fæst með því að hann er ákaflega hreyfanlegur sem fyrst og fremst stýrist af fótunum sem við hreyfinguna framkalla aukið blóðflæði sem er ákaflega mikilvægt fyrir þann sem situr við skrifborð megnið af vinnudeginum. En til að ná fram hámarks þægindum væri



best að skrifborðið sem setið er við sé hæðarstillanlegt, því viðkomandi getur setið við það í þeirri hæð sem hann velur eða staðið við það. Fari þetta saman ætti viðkomandi að vera með þeirri bestu hugsanlegu vinnuástöðu sem þekkist í dag, ákaflega holla. Vondir stólar geta einfaldlega verið ógn við heilsu þess sem hann notar að staðaldrí, t.d. ef þeir halla til hliðar, því þá er líkaminn alltaf í átaki til að rétta sig af.

Kosturinn við nýjasta stólinn frá HÅG, CAPISCO PULS er að viðkomandi getur setið í honum á marga vegu, bæði framarlega og ofarlega og að staðan á baki viðkomandi sé sem best og hollust. Lykilatriðið í hönnuðum stólanna frá HÅG er að þeir séu umhverfisvænnir og þægilegir og valdi því ósjálfrátt að sá sem situr í honum réttir úr sér. CAPISCO PULS er byggður á hönnun Peter Opsvik á hinum 25 ára gamla CAPISCO stól. Okkar sölmennska gengur út á að upplýsa fólk og komast að þörfum hvers og eins. Þessi ný stóll frá HÅG er kannski ekki allra, en þeir sem hafa reynt hann taka honum afar vel. En ég tel að hér finni allir stóla við sitt hæfi. Fyrirtækið HÅG er eign samsteypu sem á tvö önnur stólafyrirtæki í Svíþjóð og Danmörku og við höfum einnig verið að bjóða stóla frá þeim fyrirtækjum.”


Eru ykkar viðskiptavinir fyrst og fremst fyrirtæki?

„Það er rétt, en auðvitað koma hingað einstaklingar sem vilja góða, umhverfisvæna og holla stóla fyrir líkamann. Við erum einnig með viðgerðarþjónustu á stólum og sérfræðinga til að laga þá. Ég vil nefna að það er ekki rétt stefna hjá fyrirtækjum að láta starfsmenn kaupa sjálfa þá skrifstofustóla sem þeir nota. Líftími þeirra er langur og það er ekki víst að hann henti þeim sem næstur þarf að nota hann ef fyrsti notandi hættir hjá fyrirtækinu. Stólaveltan er mun hægari en starfsmannaveltan.”

Eru vörurnar hér dýrar?

„Þær eru frekar ódýrar og flestir okkar viðskiptavinir eru með góða kostnaðarvitund, þeim er falið að kaupa vörur innan ákveðins kostnaðarramma. Þess vegna koma þeir hingað til okkar. Við erum að ná meirhluta af þeim tilboðum sem við gerum, og það er mjög ásættanlegt hlutfall því það eru harðir samkeppnisaðilar á markaðnum. Við erum með verðin í lægð en þjónustuna og gæðin eru fyrsta flokks,” segir Einar Gylfason, framkvæmdastjóri og eigandi EG Skrifstofuhúsgagna.





Í ritverkinu Reykvíkingar er uppdráttur af Reykjavík 1910 sem gerður er eftir manntali þess árs og ýmsum gögnum mælingadeildar Reykjavíkurborgar. Uppdrátturinn er síðan lagður ofan á skipulagsuppdrátt af Reykjavík árið 2010 og má sjá hvernig byggðin hefur þróast á undanföllum 100 árum.

Reykjavík fyrir hundrað árum

Nýlega var hafin útgáfa á ritverkinu **REYKVÍKINGAR**. Fólkið sem breytti Reykjavík úr bæ í borg. Þar er fjallað um húsin í Reykjavík og farin er vísitásiuferð um götur bæjarins og sagt frá húsráðendum árið 1910 og fjölskyldum þeirra. Götunum er rætt í stafrófsstöð og í fyrsta bindi verksins er farið frá Adalstræti í Bergstaðastræti og í öðru bindinu er haldið áfram með Bergstaðastræti og endað á Bráðræðisholti.

Reykvíkingar bjuggu í 1132 íbúðarhúsum árið 1910 og heimili bæjarins voru þá um 2400. Húsráðendur voru þá sumir komnir til ára sinna og aðrir höfðu nýstofnað heimili og því spannar saga þeirra Reykvíkinga sem fjallað er um langt tímabil.

Mikið og merkilegt myndasafn af húsum og þjóðlífi í Reykjavík, sem aldrei hefur áður birst, hefur verið dregið fram í dagsljósið og gefur það ritverkinu verulegt gildi.

Auk þess eru birtar ljósmyndir af nær öllum húsráðendum í Reykjavík árið 1910 og börnum þeirra, en það hlýtur að teljast merkilegt að varðveittar séu ljósmyndir af nær öllum íbúum höfuðborgarinnar fyrir hundrað árum.

Auk fróðlegs efnis um mannlífið í Reykjavík og lífshlaup Reykvíkinga er afar áhugavert að sjá allt þetta efni



Höltersbær (Hverfisgata 41) í Skuggahverfinu um aldamótin 1900. Árið 1850 var rúmlega helmingur allra íverustaða í Reykjavík torflæir, en árið 1910 voru aðeins 14 torflæir í Reykjavík.

í sambandi við götur bæjarins og upplifa þannig bæjarbraginn. Fyrsti áratugur 20. aldar í lífi Reykvíkinga var tími mikilla framfara og bættar afkomu, og á tíu fyrstu árum aldarinnar tvöfaldadist íbúafjöldi bæjarins. Dilskipaútgærdin hafði mjög jákvæð áhrif á efnahag fólks. Byggingameistarar og iðnadmenn kepptust um að byggja hús við margar nýjar götur í bænum, bæjarbúar fengu síma, vatnsveitu og fleiri tækninýjungar hófu innreið sína. Nýjar atvinnustéttir hreidruðu um sig í bæjarlífinu, klæðskerar, rakarar o.fl. og menningarlíf blómstraði. Reyk-

víkingar voru að upplifa nýja tíma. Eftir húsbunann mikla í miðbænum 24. apríl 1915 fór að draga verulega úr byggingu timburhúsa í bænum, en steinsteypan fór að taka við sem aðal byggingarefnið. Þó svo að mörg hinna stílreinu gömlu timburhúsa Reykjavíkur séu horfin er þó nærri helmingur húsanna sem til voru í Reykjavík árið 1910 enn uppi standandi, sum mega muna fífill sinn feurrni, en önnur hafa verið endurbyggð af mikilli kostgæfni og alúð.

Sjón er sögu ríkari. Kynnið ykkur þetta merkilega ritverk um þá sem breyttu Reykjavík úr bæ í borg.

Húsbýggingar í Reykjavík 1910

	Timburhús	Steinsteypan	Steinhús	Steinbær	Torflæir	Alls
1. Adalstræti	15	-	-	-	-	15
2. Arnsmannsstígur	5	-	-	-	-	5
3. Austurstræti	14	-	3	-	-	17
4. Bakkastígur (Ána)	11	-	2	2	1	16
5. Baklarsgata	1	-	-	-	-	1
6. Bankastræti	6	1	1	-	-	8
7. Barónsstígur	8	-	1	-	-	9
8. Bergstaðastræti	47	-	11	3	-	61
9. Þjargarstígur	4	-	1	-	-	5
10. Bökkldóastígur	9	-	1	1	-	11
11. Brattagata	4	-	-	-	-	4
12. Bráðræðisholt	10	-	3	3	-	16
13. Brekkustígur	10	-	-	5	-	15
14. Brunastígur	4	-	-	2	-	6
15. Bréðrabogast.	36	2	7	10	1	56
16. Fischersund	2	-	-	-	-	2
17. Frakkastígur	16	1	-	1	-	18
18. Framnesvegur	7	-	3	3	-	13
19. Fríkirkjuvegur	4	1	-	-	-	5
20. Garðastræti	8	-	1	-	1	10
21. Grettisgata	65	-	-	-	-	65
22. Grímstaðaholt	6	-	3	5	1	15
23. Grjótagata	6	-	-	-	-	6
24. Grundarstígur	8	-	2	-	2	12
25. Hafnarstræti	13	1	-	1	1	16
26. Holtsgata	10	-	-	4	-	14
27. Hverfisgata	70	2	-	4	-	76
28. Ingólfsstræti	11	1	2	-	-	14
29. Kaplaskjól	5	-	-	1	4	10
30. Kárasstígur	11	-	-	-	-	11
31. Kirkjustreiti	7	1	2	-	-	10
32. Klapparstígur	24	-	6	3	-	33
33. Kolassund	1	-	-	-	-	1
34. Laufisvegur	27	-	3	1	-	31
35. Laugavegur	109	3	6	4	-	122
36. Lindargata	39	-	3	6	1	49
37. Lækjargata	11	1	1	-	-	13
38. Lækjartorg	2	-	1	-	-	3
39. Miðstræti	7	-	-	-	-	7
40. Mjóstræti	6	-	-	-	-	6
41. Mýrargata	4	-	-	-	-	4
42. Njálsgata	53	-	-	-	-	53
43. Norðurstígur	3	2	1	-	-	6
44. Nýlendugata	18	-	-	3	-	21
45. Óðmingsgata	10	-	-	1	-	11
46. Pósthússtræti	8	-	1	-	-	9
47. Raudarústígur	7	1	-	-	-	8
48. Ránargata	3	-	-	-	-	3
49. Sellandsstígur	2	-	-	-	-	2
50. Skálholtsstígur	2	-	-	-	-	2
51. Skólastræti	3	-	-	-	-	3
52. Skólavörðustígur	29	-	4	2	-	35
53. Smiðjustígur	10	-	-	1	-	11
54. Spítalastígur	9	-	-	1	-	10
55. Stýrimannastígur	14	-	-	-	-	14
56. Suðurgata	19	-	-	-	1	29
57. Templarasund	1	-	-	-	-	1
58. Thorvaldssenstr.	3	-	-	-	-	3
59. Tjarnargata	19	-	-	-	-	19
60. Túngata	6	1	-	-	-	7
61. Vallarstræti	1	-	-	-	-	1
62. Vatnsstígur	9	-	-	2	-	11
63. Veltusund	3	-	-	-	-	3
64. Vesturgata	65	-	6	2	1	74
65. Vitastígur	14	-	-	-	-	14
66. Vonarstræti	6	-	-	-	-	6
67. Únnaestígur	1	-	-	1	-	2
68. Þingholtsstræti	25	-	1	-	-	26
Alls	1006	18	76	72	14	1186



Þéturs Bæringshús á Laugavegi 6 var eitt af þeim mörgu timburhúsum sem reist voru í Reykjavík á síðan hluta 19. aldar.



Hús Halldórs Þórðarsonar bókhindara í Ingólfsstræti 21 var eitt af fyrstu þremur íbúðarhúsum í Reykjavík sem byggð voru úr steinsteypu, en það var árið 1903.

REYKVÍKINGAR

Fólkið sem breytti Reykjavík úr bæ í borg

Í ritverkinu er farið 100 ár aftur í tímann og sagt frá öllum Reykvíkingum, sem þá byggðu bæinn, og fjölskyldum þeirra.




★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson

Götur Reykjavíkur eru teknar fyrir eftir stafrófsröð og sagt frá húsum bæjarins og um 2400 fjölskyldum sem bjuggu í 1186 húsum í Reykjavík árið 1910.




Á annað þúsund sögulegar ljósmyndir frá Reykjavík prýða hvert bindi verksins og hafa fæstar þeirra birst áður.

Sjón er sögu ríkari.



1. BINDI



2. BINDI

SÖGUSTEINN

BÆKURNAR REYKVÍKINGAR FÁST Í ÖLLUM HELSTU BÓKAVERSLUNUM OG HJÁ REYKJAVÍK ART GALLERY Á SKÚLAGÖTU 30, 101 REYKJAVÍK.
thsteinn@simnet.is sími: 893 6653



JÓHANN MAGNÚS BJARNASON

– Dagbók metsöluhöfundar

Það hefur stundum verið haft á orði að við Íslendingar leggjum ekki nægilega mikla rækt við okkar gömlu rithöfunda; að þeir falli milli stafs og hurðar í bókmenntaumræðu samtímans. Einn af þeim sem það á við um er vestur-íslenski rithöfundurinn Jóhann Magnús Bjarnason. Jóhann Magnús Bjarnason er almennt talinn fremsta sagnaskáld Vestur-Íslendinga og er þá jafnan vísað til sögunnar Eiríks Hanssonar (1899–1903) en einnig Brasilíufaranna (1905–1908) en báðar sögurnar nutu gríðarlegra

vinsælda bæði hér heima og vestanhafs. Þetta var á þeim tíma þegar íslenska skáldsagan var að slíta barnskónum eftir langt hlé og jarðvegurinn var frjór fyrir slíkar tilraunir. Höfðu þessar sögur Jóhanns enda áhrif á marga þá íslensku höfunda sem á eftir honum komu. Í grein eftir Gyrði Elíasson um Jóhann tiltekur hann að höfundar eins og Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness hafi sótt ýmislegt í smíðju til Jóhanns Magnúsar, og Laxness heiðrar minningu hins vestur-íslenska skáldbróður í riti sínu Í túninu heima árið 1975

og segist hafa orðið „hylltur og bjargtekinn“ af lestri verka hans.

Jóhann Magnús Bjarnason fæddist 24. maí 1866 að Meðalnesi í Fellum í Norður-Múlasýslu. Foreldrar hans voru Bjarni bóndi Andrésen frá Birnufelli í Fellum. Magnús fluttist vestur um haf með foreldrum sínum árið 1875 og dvaldi með þeim í Marklandi í Nova Scotia til ársins 1882 og naut þar skólagöngu um tíma. Hann hélt til Winnipeg og nam þar um skeið við „Collegiate“. En það var ekki fyrr en árið 1900 að hann útskrifaðist frá kennaraskóla í Winnipeg og hafði hann þá kennt við barnaskóla um árabil. Þetta var takmörkuð skólaganga, en þeim mun meira mun Magnús hafa menntast af bóklestri og sjálfsnámi. Hann var afar vel að sér í enskum og norður-amerískum bókmenntum eins og dagbókin ber vott um. Magnús kvæntist árið 1887 Guðrúnu Hjörleifsdóttur frá Dyrhólum í Mýrdal sem flust hafði tíu ára gömul með foreldrum sínum til Nýja-Íslands árið 1876. Magnús hóf barnakennslu árið 1889 í Árnesi við Winnipegvatn á Nýja-Íslandi, skammt norðan við Gimli, og færði sig fimm árum síðar í Geysisbyggð þar skammt frá og átti þar heima í níu ár og kenndi þar og í nágrennabyggð á Hnausum. Árið 1903 varð hann að láta af kennslu vegna heilsuþrests og fór þá til Norður-Dakota. Haustið 1905 hóf hann kennslu á ný, í þetta sinn í Marshland-nýlendunni í Manitoba og var þar (og um tíma í Big Point) til 1912. Þá fluttust þau hjónin til Vancouver í British Columbia þar sem Magnús vann við skrifstofustörf í rúm þrjú ár. Árið 1916 fluttu þau hjón sig aftur til Manitoba og settust að í Otto, skammt fyrir austan Lunder. Magnús kenndi við Norðurstjórnskólann

til 1922 en varð þá að hætta kennslu af heilsufarsástæðum. Þá fluttust þau hjón til Elfros í Vatnabyggð í Saskatchewan-fylki og áttu þar heima til dauðadags. Guðrún kona Magnúsar lést 8. ágúst 1945 en Magnús lést 8. september sama ár.

Jóhann Magnús Bjarnason skrifaði öll sín verk á íslensku. Hann hugsaði sér dagbókina sem sitt lokaverk eins og kemur fram í minningargrein um hann í Heimskringlu 12. september 1945 sem vinurinn og nágrenninn Sveinn G. Kristjánsson skrifaði. Þar segir m.a.: „Lokaritverkið átti að vera dagbók skáldsins. Lauk hann við hana 17. ágúst þó að heilsan væri ekki góð orðin. En bók þessari hafði hann lofað útgefandanum. Síðasta daginn sem hann vann að því að fullgera dagbókina fékk hann fjórum sinnum aðsvif. En henni lauk hann og naut ánægju þess er fylgir að hafa unnið starf sitt trúverðulega áður en hann lagði í síðasta sinn frá sér pennann.“

Hefur dagbókin ekki komið út fyrr en núna að Lestu.is gefur út 1. bindi hennar en samtals mun hún koma út í þremur bindum. Góða og gagnmerka formála að bókinni skrifa þeir Baldur Hafstað og Gyrðir Elíasson.

Dagbók J. Magnúsar nær frá 1902 til 1945. Veitir hún stórmerkilega innsýn í líf vestur-íslensks rithöfundar og mannvinar. Við kynnumst jafnframt íslensku þjóðarbroti í fjórum fylkjum Norður-Ameríku og skygnumst inn í hugarheim Vestur-Íslendinga og áhugamál, fréttum af námi þeirra, afrekum og áföllum. Við fræðumst um ólympískan sigur Íslendinga, The Falcons, í íshokki, lesum um vestur-íslenska kraftamenn, fáum fregnir af löndum sem féllu á vígvelli, heyrum af afrekum Vilhjálms Stefánssonar eða lofsamlegum umsögnum innfæddra um söngsgra vestur-íslenskrar stúlku. Þannig greinir dagbókarhöfundurinn frá fólki af


fámennri þjóð sem sannar sig í nýjum og framandi heimkynnum. Þessi þráður er vissulega einnig áberandi í öllu höfundarverki Jóhanns Magnúsar og má m.a. skilja sem hvatningu til landans vestra — og „sönnunargagn“ til landans austan hafsins um að þeir sem fóru hafi spjarað sig á nýjum vettvangi. Í rauninni má líta á dagbókina sem heildstæða sögu, ættarsögu Vestur-Íslendinga, þar sem fyrirboðar, tákn og draumar gegna sínu hlutverki og skapa eftirvæntingu og óhug; en jafnframt birtist þar þakklæti til manna og innileg lífsgleði.

Það er mikill fengur að því að fá loksins dagbók Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar á prent og ber að þakka útgefendum fyrir þetta verðuga framtak.

Eiríkur Hansson

Sagan af Eiríki Hanssni eftir Vestur-Íslendinginn Jóhann Magnús Bjarnason kom út í þremur hlutum á árunum 1899 til 1903. Önnur útgáfa birtist árin 1949–1950 og sú þriðja árið 1973. Um árabil hefur þetta töfrandi verk verið ófáanlegt en kemur nú út í þremur handhægum bindum og er þetta fyrsti hluti verksins (Bernskan) sem greinir frá brottför hinar ungu söguhetju frá Íslandi og fyrstu árunum í nýju landi.

Eiríkur Hansson vakti strax mikla athygli beggja vegna Atlantshafsins og hlaut yfirleitt afar góða dóma. Oft hefur verið á það bent að í Eiríki Hanssni sjáist ýmislegt sem tengist höfundu verksins beint. Jóhann Magnús ólst upp á söguviði verksins í Nýja Skotlandi (Nova Scotia í Kanada), og hann minnst í dagbókum sínum á fjölmargt úr eigin lífi sem tengja má skáldsögunni. Þetta er þó ekki sjálfsævisaga, en fullyrða má að við fáum þarna afar sannfærandi mynd af gleði og sorgum hans og annarra vesturfara sem bjuggu á þessu svæði.





Jólin í Þjóðminjasafni Íslands

Desember er mikill hátíðarmánuður í Þjóðminjasafni Íslands og hefur jóladagskrá safnsins unnið sér ómissandi sess í jólaundirbúningi margra. Jólaveinarnir koma í heimsókn einn af öðrum síðustu þrettán daga fyrir jól, en þeir hafa heimsótt safnið á aðventunni í rúm tuttugu ár.

Jóladagskráin hefst sunnudaginn 11. desember með opnun jólasýninga og skemmtilegum uppákomum. Von er á spennandi leynigestum – hverjir skyldu það vera?

Á Torginu er sýningin Sérkenni sveinanna, en þar má sjá jólahús með gripum sem tengjast jólasveinunum. Gripina má snerta og geta þeir hjálpað börnum að skilja nöfn jólasveinanna.

Í forsal á 3. hæð safnsins verður jafnframt hægt að skoða gömul jólatré og jólakort.

Einnig gefst færi á að fara í jólaratleikinn Hvar er jólakötturinn? og finna litlu jólakettina sem hafa verið faldir innan um safngripina.

Fleiri fjölskylduleikir eru í boði í afgreiðslu safnsins.

Fyrsti jólaveinninn, Stekkjastaur, er væntanlegur til byggða að morgni mánudagsins 12. desember og kemur beint í heimsókn í Þjóðminjasafni Íslands þegar hann er búinn að gefa góðu börnunum í skóinn. Þar mun hann segja gestum frá ferðum sínum og syngja nokkur jólalög. Þeir bræður koma svo í safnið daglega fram á aðfangadag, þegar Kertasníkir kemur í bæinn. Það er hátíðleg stund þegar börnin hitta sveinka gamla, færa honum kerti og jólin alveg að bresta á. Dagskráin hefst alla daga frá

12.-24. desember kl. 11, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Safnbúðin er að vanda full af þjóðlegum leikföngum, vönduðum minjagripum, íslenskrri hönnun og bókum. Hér er hægt að fá margs kyns gjafavöru í jólapakkann og auðvitað bæði kerti og spil. Í safnbúðinni fæst einnig suðusúkkulaði í fallegum umbúðum og uppskrift að heitu súkkulaði fylgir með.

Á heimasíðu safnsins er að auki hægt að fræðast um íslenska jólasíði, jólamat og fylgjast með jóladagatalinu: www.thjodminjasafn.is/jol



FJÖLDI ÍSLENSKRA RAFBÓKA -á Lestu.is








Mikið hefur verið rætt um rafbækur að undanförunum og sýnist sitt hverjum. Flestir eru þó á því að slíkar bækur muni í framtíðinni gegna mikilvægu hlutverki bæði hvað varðar almennar afþreyingarbókmenntir og ekki síður í námi. Upp á síðkastið hefur orðið mikil þróun í lestölvum af ýmsum gerðum og það aftur kallað á að útgefendur útbúi bækur sínar þannig að þær henti þessum tölum. Þegar við fórum að kynna okkur hvernig þessum málum væri háttað hér á Íslandi rákumst við fljótt á fyrirtækið Lestu.is. Lestu.is er til húsa á Laugavegi 163 og þegar við mættum þangað voru þeir Jökull Sigurðsson forstjóri og Ingólfur B. Kristjánsson ritstjóri í óða önn að útbúa Dagbók vesturfara (Dagbók Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar) sem rafbók. Aðspurðir sögðu þeir félagar að Lestu.is væri fyrsta rafbókarsíðan á Íslandi en hún var opnuð formlega af Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra 11. Janúar 2011 og væri því að verða ársögömul. Þá væri hún nánast eina rafbókarsíðan þar sem hægt væri að nálgast íslenskar bækur. Á þessu tæpa ári eru bækurnar orðnar um 70 talsins og í hverri viku bætist a.m.k. ein bók við. Í byrjun var einungis um áskriftarsíðu að ræða, þ.e.

notendur gátu gerst áskrifendur og fengið aðgang að öllu efni fyrir 1290 krónur á mánuði, en nú nýlega hafa þeir bætt við verlunarsíðu þar sem hægt er að kaupa stakar bækur. Hafa þetta einkum verið eldri bækur sem boðið var upp á, en með verlunarsíðunni verður í auknum mæli hægt að bjóða upp á nýrri bækur.

En hvernig er aðsóknin að síðunni? Eru Íslendingar að nýta sér rafbækur? Já, viðtökurnar hafa verið betri en við þorðum að vona, segir Jökull. Í rauninni renndum við blint í sjóinn með þetta, því erfitt var að átta sig á hve margir ættu slík tæki hér á landi, en þeir eru greinilega fleiri en við hugðum og fer fjölgandi nokkuð hratt. Og svo má búast við að þetta verði jólagjöfin í ár á mörgum heimilum nú þegar virðisaukaskattur hefur verið lækkaður af tækjunum og þau þannig komin á viðráðanlegt verð. Það er heldur ekki amalet jólagjöf að fá rafbók sem inniheldur sjötíu bækur ef áskrift af Lestu fylgir með.

Þeir félagar segjast munu halda áfram að setja í það minnsta eina bók inn á vefinn í hverri viku og það muni aukast jafnt og þétt. Við erum rétt að byrja, segir Ingólfur. Við höfum fram að þessu einkum verið að setja inn afþreyingarbækur, en nú stefnum

við á að bjóða upp á fjölda námsbóka, bæði frá Skólavefnum og öðrum útgáfum. Einnig ætlum við að bæta við fjölda barnabóka. Já, við hvetjum fólk til að fylgjast með á vefnum okkar enda ættu allir að finna eitthvað við hæfi þar og það er gott að kynna sér þessi mál strax frá byrjun því þetta er framtíðin.



LOKSINS, LOKSINS

- Morgunn lífsins eftir Kristmann Guðmundsson

Nýlega gaf Lestu.is út bókina Morgunn lífsins eftir Kristmann Guðmundsson. Er

mikill fengur að þeirri útgáfu, því lítið hefur verið endurútféið af sögum Kristmanns, sem verður

að teljast nokkuð athyglivert þar sem Kristmann er eitt af stóru nöfnunum í íslenski bókmenntasögu. Morgunn lífsins var fyrsta skáldsaga Kristmanns sem út kom á Íslandi. Það var árið 1932 en sagan hafði verið gefin út í Noregi þremur árum fyrr undir heitinu Livets morgen. Guðmundur G. Hagalín þýddi söguna á íslensku. Árið 1953 kom sagan út í þýðingu Helga Sæmundssonar og það er sú þýðing sem hér birtist. Er hún sérlega lipur og leikandi, orðalagið er sannfærandi og maður fær aldrei á tilfinninguna að þýðingin henti ekki verkinu og anda þess.

Til marks um vinsældir bókariinar má geta þess að hún var margoft gefin út í Þýskalandi, og Þjóðverjar gerðu árið 1955 eftir henni kvikmynd sem sýnd var um víða veröld.

Kristmann kunnir flestum öðrum betur að segja sögu. Frásögnin í Morgni lífsins líður áfram áreynslulaust að því er virðist, með fyrirboðum sínum og draumum – í anda fornra sagna. Kristmann kann líka að lýsa elskendum og ástum án þess að það verði væmið eða vandræðalegt. Hann nær strax taki á lesandanum og veit nákvæmlega hvað hann ætlar að segja. Hann skapar spennu strax í upphafi og heldur henni allt til enda.

Sagan fjallar um ástir en einnig um andstæðu ástarinnar, hatrið, hina „þyngstu byrði lífsins“. Og afbrýðisemin fær sannarlega sína umfjöllun og kemur m.a. fram í yngri kynslóð sögupersóna. Jafnframt er þetta saga um syndir feðranna, svik og blekkingu, kaldan veruleika og drauminn um hina sönnu ást.

Kristmann skrifar í anda Íslendingasagna og lætur verkin og atvikin tala, fremur en orðin sem mælt eru. Og sjálfskaparvíti Halldórs Bessasonar minnir um margt á Gunnlaug ormstungu eða Gretti Ásmundarson. Salvör, kvenhetja sögunnar, minnir á Guðrúnu Ósvífursdóttur og gæti vel hafa sagt eins og hún: „Þeim var ég verst er ég unni mest.“

Skemmtilegt er að velta fyrir sér stíl og framsetningu í sögunni. Byggingin er sterk. Fyrsta orðið gefur tóninn („Óveðrið“): það ríkir óveður í sögunni frá upphafi til enda, í sálinni og í náttúrinni. Óveðrið tengir saman afreksverkin þrjú sem unnin eru – en jökullinn birtist þegar rofar til og þá færast líkaró yfir anda hetjunnar. Jökullinn er leiðarstef í sögunni – og ef til vill hefur Halldóri Laxness verið hugsað til þessa jökuls þegar hann vann að verki sínu um Ólaf ljósvíking! Um bygginguna er því við að bæta að – líkt og í mörgum Íslendingasögum – verðum við vitni að vissum endurtekningum í

lýsingu á þeim tveimur kynslóðum sem til umfjöllunar eru, sbr. t.d. ástamál feðganna, Halldórs og Gissurar.

Fyrir nútímalesanda er aldarfarslýsing sögunnar merkileg heimild; við kynnumst bænda- og sjómannasamfélagi fyrri tíðar (seinni hluti 19. aldar) þar sem stöðnun ríkir og fólk býr við verslunarhöft og skort við hafnlausu strönd þar sem hver bátsferð felur í sér mikinn háska.

Já, það er löngu tímabært að Kristmann Guðmundsson fái þann sess sem honum ber.



BÝÐUR UPPÁ HUNDRUÐ HLJÓÐBÓKA

-á hlusta.is

Áundanförnum árum hefur það færst í vöxt að fólk velji sér það að hlusta á bækur upplestnar frekar en að lesa þær. Hentar það mörgum betur og þá er einnig hægt að hlusta samhliða því sem maður gerir eitthvað allt annað. Þannig nýtist tíminn betur og er oft fljótari að líða. Með nýrri tækni og útbreiðslu ípodsins og annarra „spiladása“ er líka svo auðvelt að verða sér úti um vandað efni til að hlusta á.

Einn af þeim aðilum sem bjóða upp á hljóðbækur og hefur gert um árabil er vefurinn Hlusta.is. Aðalsteinn Magnússon er í forsvari fyrir vefnum og við slógum á þráðinn til hans og báðum hann að segja okkur nánar frá þessum vef. - Já, við fórum af stað með vefinn fyrir um þremur árum og eins og með aðra góða hluti hefur hann vaxið jafnt og þétt bæði hvað varðar efni og almenna notkun, segir Aðalsteinn. Einstaklingum sem eru áskrifendur fjölgar stöðugt og þá er vefurinn notaður víða í skólum og öðrum stofnunum. Við leggjum enda áherslu á að bjóða upp á eitthvað nýtt í hverri viku og að bjóða upp á fjölbreytt efni þannig að allir geti fundið eitthvað við hæfi. Það er alveg ljóst og rannsóknir hafa sýnt fram á það, að mörgum hentar það betur að tileinka sé fróðleik og upplýsingar af ýmsu tagi með því að hlusta í stað þess að lesa.

Fyrir þá sem það á við er Hlusta góður valkostur. Þá er það líka mikilvægt fyrir alla að temja sér ákveðna færni í að hlusta. Sú færni skilar sér á öðrum sviðum. Við leggjum líka mikla áherslu á að halda áskrifarverðinu í lágmarki þannig að allir geta nýtt sér vefinn. Mánaðaráskrift kostar einungis 990 krónur og hefur ekkert hækkað frá því að vefurinn fór í loftið.

En hvers konar efni er að finna á Hlusta.is og hvað sækja Íslendingar helst í? - Já, eins og ég sagði þá leitumst við eftir því að bjóða upp á fjölbreytt efni fyrir ólíka aldurshópa. Það sem menn sækja þó mest í eru íslenskar skáldsögur frá ýmsum tímum. Íslendingasögur, Heimskringla, barnasögur og þjóðlegur fróðleikur. Þá hafa þýddar skáldsögur verið að sækja í sig veðrið. Sígidlar bókmenntaperlur; sögur eftir höfundu á borð við Jón Trausta, Einar Hjörleifsson Kvaran, Torfhildi Hólm og Jóhann Magnús Bjarnason eru kannski það sem mest er sótt í þessa dagana. Fyrir stuttu buðum við t.a.m. upp á Sögur frá Skaftáreldum eftir Jón Trausta. Flestir þekkja sögurnar af Höllu og heiðarbylinu eftir hann og Önnu frá Stóruborg, en færri höfðu lesið Sögur frá Skaftáreldum og fengum við gríðarlega jákvæð viðbrögð við þeim upplestri. Þá vorum við setja inn söguna

Morgunn lífsins eftir Kristmann Guðmundsson sem verið var að endurútféfa bók nú fyrir jólin. Af fyrstu viðbrögðum að dæma á hún eftir að verða mjög vinsæl.

Já, það er greinilega eftir mörgu að slægjast á Hlusta.is og um að gera fyrir alla að kynna sér þennan stórskemmtilega vef.






„VIÐAMIKIÐ OG VANDAÐ VERK, SKRIFAÐ FYRIR ALMENNING...“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

UM 1400 SÍÐUR | Á ANNAD ÞÚSUND LITLJÓSMYNDIR | VÖNDUÐ OG GLÆSILEG ÚTGÁFA



ÍSLENSK LISTASAGA er fimm binda verk sem spannar tímabilið frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar.

„Loksins er íslensk listasaga aðgengileg öllum. Það er dásamleg tilfinning að opna þessar bækur og sjá listaverkin lifna á síðunum ... Íslenska listasagan er happafengur.“

RAGNA SIGURDARDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ

„Íslensk listasaga I–V er stórvirki. Íslendingar hafa eignast tímamótaverk.“

GUDMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON
PRÓFESSOR VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

„Þetta rit er eins og orðabók inn í heim listarinnar. Útgáfa þess er fagnaðarefni.“

HELGI ÞORGILS FRÍÐJÓNSSON
MYNDLISTARMAÐUR

„Stórglæsilegt verk sem er í senn fræðandi og áhugavekjandi og mun nýtast jafnt leikum sem lærðum. Hér hefur verið lyft grettistaki til að færa íslenska myndlist til þjóðarinnar.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA


Verkið er gefið út í samstarfi við Listasafn Íslands. Í tilefni útgáfunnar stendur safnið að yfirlitssýningunni ÞÁ OG NÚ.


FORLAGIÐ

 LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

NAPÓLEON



Sagan um **Napóleon** er um fátæka föðurlandssinnann, ástríðufulla kvennamanninn og ákafa sögumanninn sem dreymdi um að verða rithöfundur eða vísindamaður, en lenti í hringiðu frönsku byltingarinnar, greip tækifærið og varð valdamesti maður síns tíma. Hvað fékk hann til að setja keisarakórónu á höfuð sér fyrir tveimur öldum? Var það stórmennskubrjálæði eða eðlileg umbun fyrir mikinn og stórbrotinn frægðarferil? Frá dögum Rómverja hefur enginn stjórnað jafn víðáttu- miklu ríki né stýrt því líkum heraflo og Napóleon Bonaparte. Hann dreymdi um *sameinaða* Evrópu sem hefði *einn* gjaldmiðil, *ein* lög og *eina* höfuðborg: París. Draumur hans kostaði milljónir manna lífið. Styrjaldir hans, umbætur í stjórnsýslu og ákvarðanir hafa haft áhrif á þjóðir Evrópu, Suður-Ameríku og Bandaríkin allt til þessa dags.

Herman Lindqvist er þekktur sænskur metsöluhöfundur og vinsæll þáttastjórnandi í sjónvarpi. Hann segir skemmtilega frá og lesandinn dregst með í þessari hrífandi lýsingu á lífshlaupi Napóleons í bók sem þýdd hefur verið á mörg tungumál. Á þriðja hundrað litmynda prýða bókina sem er ríflega 600 blaðsíður. Þetta er fyrsta bókin eftir Herman Lindqvist sem kemur út í íslenskri þýðingu og lítur hann á þann viðburð sem hápunktinn á rithöfundarferli sínum. Hann verður gestur á rithöfundakvöldi Norræna hússins 24. nóvember.

— 195 ára —



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

